# HRÚTASKRÁ 1999-2000











Sauðfjársæðingastöð Suðurlands
Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

# SAUÐFJÁRRÆKTIN Á SUÐURLANDI




**Sauðfjárræktin á Suðurlandi -**

**Þættir úr sögu fjárræktarinnar á 20. öldinni.**

Bókin er skrifuð af Hjalta Gestssyni fyrrverandi sauðfjárræktarráðunaut og gefin út af Búnaðarsambandi Suðurlands.

Bókin er til sölu á skrifstofu Búnaðarsambandsins, Austurvegi 1, Selfossi, og kostar kr. 2.000,- með Vsk.

## Til sölu eru bækurnar Byggðir Borgarfjarðar I.-VI. bindi.

Ábúendatal, byggðalýsing, myndir af býlum og ábúendum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu ásamt búnaðarsögu héraðsins.

**Búnaðarsamband Borgarfjarðar**

**Borgarbraut 61, Borgarnesi. - Sími 437 1215.**

Á forsíðu er stóra myndin: Askur frá Svínafelli, sonur Búts og dóttursonur Þéttis. Minni myndirnar eru: Áhugafólk um íslenska sauðféð frá N-Ameríku. Frumkvöðlarnir 3; Stefanía Sveinbjörnsdóttir, Susan Mongold og Barbara Webb. Lækur frá Lækjarhúsum og Morri frá Stóru-Reykjum. Hrútahópur við Laugardælavatn 1998.

*Prentsmiðja Suðurlands ehf., nóv. 1999.*

# Formáli

Hrútaskráin er nú gefin út litprentuð öðru sinni en Sauðfjársæðingastöð Suðurlands tók upp á þessari nýbreytni í tilefni af 30 ára afmæli sínu í fyrra. Þá hafa sauðfjársæðingastöðvarnar á Suður- og Vesturlandi sameinast um útgáfu þessarar veglegu skrár sem þú, lesandi góður, hefur nú í höndunum. Mun þetta vera í fyrsta skipti sem slíkt er gert og sýnir svo ekki verður um villst að samstarf og samvinna á milli stöðvanna er mikil og góð og fer vaxandi.

Útgáfa hrútaskrárinnar á þennan máta hefur aukið áhuga á sauðfjárrækt og sæðingum og þar með treyst grunninn að ræktunarstarfi í landinu. Slíkt er nauðsynlegt þar sem sauðfjárræktin á ekki aðeins í harðri samkeppni við aðrar kjöttegundir á markaði heldur er afkoma sauðfjárbænda það slök að leita verður allra leiða til þess að bæta hana. Öflugt og almennt ræktunarstarf treystir stöðu kindakjöts á markaði með auknum gæðum og styrkir afkomugrunn þeirra sem hana stunda.

Allmargir hafa komið að því að gera þetta rit að því sem það er. Lýsingar hrúta í skránni hafa þeir Guðmundur Jóhannesson, Jón Vilmundarson, Lárus G. Birgisson og Ólafur G. Vagnsson samið. Myndir af hrútum í skránni tóku þau Guðmundur Jóhannesson, Guðmundur Sigurðsson, Halla Eygló Sveinsdóttir, Olgeir Helgi Ragnarsson, Ólafur G. Vagnsson og Sveinn Sigurmundsson. Forsíðumyndir eru teknar af Arnari Óskarssyni, Höllu Eygló Sveinsdóttur og Sveini Sigurmundssyni. Greinar rituðu þeir Guðmundur Jóhannesson, Jón Viðar Jónmundsson, Sveinn Sigurmundsson og Þorsteinn Ólafsson. Þessum aðilum er öllum þakkað framlag þeirra.

Ég vil minna þá sem aðgang hafa að Internetinu á að hrútaskrá Sauðfjársæðingastöðvar Suðurlands er einnig að finna þar. Slóðin er http://www.bssl.is/hrutaskra. Þar eru birtar sambærilegar upplýsingar og í skránni hér.

Að lokum vona ég að hrútaskrá veturinn 1999-2000 stuðli að auknum framförum og ræktunaráhuga í sauðfjárrækt og menn hafi bæði gagn og gaman af að skoða það sem skráin hefur upp á að bjóða. Njótið vel!

**Guðmundur Jóhannesson, ritstjóri.**

# Frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Á síðasta hausti voru sæddar 9426 ær frá stöðinni sem er aukning um rúmlega 1000 ær frá fyrra hausti. Svo voru fluttir út 419 sæðisskammtar til Vesturheims. Árið á undan voru fluttir út 500 skammtar. Mest sæði var sent úr Mola frá Efri Gegnishólum eða í rúmlega 2000 ær sem er ein almesta notkun á hrút á ári frá því að Gámur frá Oddgeirshólum var og hét.

**1. Verð á sæði** er kr. 200 til utanfélagsmanna, kr. 170 til félagsmanna. Verðið fyrir sæðingu gæti verið á bilinu kr. 80 til kr. 120 eftir fjölda sæðinga og þá er akstur ótalinn. Viðmiðunarverð á svömpum er kr. 6131 ef miðað er við 20 stykki. Öll verð eru án VSK. Gera skal upp fyrir áramót, gíróseðill og númeraðir reikningar fylgja. Algert skilyrði er að reikningurinn komi um leið og greiðsla berst.

**2. Svæðaskipting verður hér eftir sú sama milli ára;**

A. Frá 9. - 12. des. Landeyjar, Eyjafjöll, Mýrdalur, Djúpárhreppur, Ásahreppur, Flói og hluti Skeiða.

B. Frá 13. - 16. des. Vestur- Skaftafellssýsla austan sands, Fljótshlíð, Hvolhreppur, Rangárvellir og Holta- og Landsveit.

C. Frá 17. - 20. des. Uppsveitir Árnessýslu vestan Ölfusár.

**3. Sæðinganámskeið** verður haldið mánudaginn 6. desember að Stóra-Ármóti og hefst kl. 13,30.




Sæðistaka hefst í byrjun desember og þá strax getum við farið að afgreiða sæði. Sæðispantanir eru í síma 482 1920 og þurfa að berast fyrir kl. 9 á morgnana. Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta sæði í síma 482 1611. Pantanir utan Suðurlands þurfa að berast með góðum fyrirvara og rétt er að taka fram að sækja þarf um sérstakt leyfi til Sauðfjárveikivarna. Fax er 482 2995. Netfang er bssl@bssl.is og vefsíða er http://www.bssl.is og þar má finna hrútaskrána.

Með kærri kveðju og von um ánægjulegt samstarf sem fyrr.

**Sveinn Sigurmundsson.**

# Útflutningur á hrútasæði

*Guðmundur Jóhannesson*

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands hefur nú síðastliðin tvö ár selt djúpfryst hrútasæði til Bandaríkjanna, alls um 1.000 skammta. Kaupendur eru ræktendur íslensks sauðfjár þar vestra en forsprakkarnir eru þær Barbara Webb í Massachusetts og Susan Mongold í Montana. Þá hefur Stefanía Sveinbjarnardóttir í Ontario í Kanada verið þeim innan handar en eins og mönnum er kunnugt þá flutti hún íslenskt sauðfé til Kanada árið 1985 og aftur 1990. Það má með sanni segja að Stefanía hafi rutt brautina enda hefur hún ávallt haldið því fram að íslenska sauðkindin eigi eftir að heilla íbúa N-Ameríku og verða vinsæl. Eitt er víst að fáir hefðu trúað því fyrir 15 árum er Stefanía stóð í sínum útflutningi lifandi fjár að við ættum eftir að selja hrútasæði til Bandaríkjanna fyrir aldamót.

Fyrir skömmu voru sendir 419 skammtar til Bandaríkjanna en útflutningurinn er í samstarfi við Elite Genetics. Af hálfu Sauðfjársæðingastöðvarinnar hefur Þorsteinn Ólafsson, dýralæknir, haft veg og vanda af útflutningnum og djúpfrystingu sæðisins. Alls sæddu þær Barbara og Susan 83 ær með íslensku hrútasæði sl. haust og þar af festu 47 ær fang eða 57%. Árangur var mun betri hjá Barböru en þar var fanghlutfallið 87,5% enda notast við aðferð sem er gjörólík okkar sæðingaaðferð. Í raun er um skurðaðgerð að ræða þar sem sætt er beint inn í gegnum kviðarhol (laboroscopic) en ekki skeið eins og hérlendis. Þessi aðferð er, eins og gefur að skilja, mun dýrari og vandasamari.

Notað var sæði úr eftirtöldum 14 hrútum; Ára, Faldi, Hörva, Bút, Hörva, Skrepp, Skjanna, Blævari, Flekk, Nóa, Bruna, Mjaldri, Mola og Þétti. Frjósemi var mikil og að meðaltali fæddust 2,13 lömb á hverja á eða alls 100 lömb, 4 fjórlembingar, 42 þrílembingar, 44 tvílembingar og 10 einlembingar. Flestar ærnar sem notaðar voru eru mislitar en þrátt fyrir það fæddust einungis 24 mislit lömb enda flestir hrútanna hvítir. Sjö lömb voru svört, 2 grá, 7 svartflekkótt, 4 svartgolsuflekkótt (undan Flekk) og 4 svartgolsótt. Aðeins eitt lamb drapst í fæðingu og tvö fæddust dauð þannig að vanhöld voru ekki mikil hjá þeim. Hins vegar var töluvert um burðarhjálp hvort sem um var að ræða spenning og óþolinmæði fjárbændanna þar vestra eða stærri og þéttvaxnari lömb en þær stöllur fullyrða að sæðislömbin séu mun stærri og þróttmeiri fædd en hin. Barbara sagðist hafa veitt því athygli að þrílembingar undan Bút voru sérlega þéttvaxnir og holdugir, á stærð við tvílembinga.

Vaxtarhraði sæðislambanna hefur verið mjög mikill og við 4ra mánaða aldur vógu þau að meðaltali 50 kg. Þær segjast selja öll sæðislömb á fæti enda eftirspurn mikil meðal annarra ræktenda. Verð á t.d. móbotnóttum ungum ám getur farið upp í allt að 3.000 dollara eða um 220 þús. kr. Algengt verð er hins vegar 800-1.000 dollarar eða 60-75 þús. kr. Sæðislömbin eru u.þ.b. tvöfalt dýrari en önnur. Susan Mongold í Montana segist selja töluvert af ull til hannyrðafólks sem er þá notuð í handunnar ullarvörur. Verðið segir hún vera um 700-2.000 kr./kg eftir gæðum og lit. Þá fái hún mikið hrós fyrir íslenska lambakjötið sem þyki afar bragðgott og meyrt. Það selur hún mestmegnis eða eingöngu á markaði fyrir um 400-700 kr./kg.

Það nýjasta er framleiðsla sauðamjólkur en nýlega hóf fyrsta búið með hreinræktaðar íslenskar kindur framleiðslu sauðamjólkur. Það er staðsett í New York fylki. Íslensku kindurnar þykja mjólka vel og á við East Friesian sauðfé sem ræktað hefur verið með tilliti til mjólkurframleiðslu. Nýjasta afurð sauðamjólkur þar er jógúrt sem selst vel sem sérafurð.

Núna munu vera nálægt 1.600 íslenskar kindur í Norður-Ameríku (Kanada og Bandaríkjunum) eftir skráningum Canadian Livestock Records að dæma en þar er allt íslenskt fé í N-Ameríku skrásett. Árið 1998 voru um 350 kindur skrásettar þannig að aukningin er mikil og hefur verið mest sl. þrjú ár.



*Frumkvöðlar.*

Flestir ræktendur íslensks sauðfjár í N-Ameríku eru með hreinræktaðar hjarðir en þó er aðeins um kynblöndun. Kynblendingarnir hafa reynst vel og er til þess tekið hve fljótvaxin þessi lömb eru og þróttmikil, sérstaklega um og eftir fæðingu. Ræktendur íslensks sauðfjár í N-Ameríku hafa stofnað með sér samtök, Icelandic Sheep Breeders of North America (ISBONA), sem í eru 65 félagar í dag. Þeir eru allir virkir. Þar að auki segist Stefanía vita um 10 ræktendur sem standi utan við ISBONA. Benda má áhugasömum á heimasíðu ISBONA, http://www.isbona.com. Á heimasíðu Búnaðarsambandsins er að finna tengingar á heimasíður allra ræktenda íslensks fjár í N-Ameríku sem á annað borð eru með heimasíðu.

Vestra er mikill áhugi fyrir forystufé enda er þar um að ræða einstakan eiginleika. Sæði hefur nú verið flutt út bæði úr Ára (eða Ara eins og hann er kallaður þar) og Biskupi. Til gamans má geta þess að Stefanía keypti í haust hrút af Susan undan Ára og er hann nefndur Jón Arason.

Við væntum þess að framhald verði á útflutningi hrútasæðis enda er áhugi á kynbótum íslenska sauðfjárins í Ameríku mikill. Eins og áður sagði beinist hann mjög að forystufé en einnig vantar almennilega kollótt fé þrátt fyrir að hornlag íslensku sauðkindarinnar þyki hrífandi. Þá er áhugi fyrir Þoku-geninu, litunum auk ullar- og kjötgæðum. Reyndar er það nú svo að einungis vantar einn lit í íslenska féð ytra en það er grábotnótta genið. Vissulega er til grábotnótt þar sem afkvæmi botnóttra og grárra foreldra en ekki sem afkvæmi einlits, svarts eða mórauðs, foreldris. Sauðfjársæðingastöðin leitar nú að slíkum hrút hér innanlands til kaups.

Af þessu má sjá að brautryðjandastarf Stefaníu Sveinbjarnardóttur í Kanada er farið að skila sér og sá ásetningur hennar að íslenska sauðféð næði að festa sig í sessi í N-Ameríku hefur náðst. Sauðfjársæðingastöð Suðurlands hefur sett sér það mark að styðja við ræktun íslensks sauðfjár í N-Ameríku með útflutningi á hrútasæði enda getur það aukið gjaldeyristekjur þjóðarinnar og borið hróður okkar víðar en áður.

# Tryggjum ræktunarárangurinn

*Jón Viðar Jónmundsson*

Dilkakjöt á í sívaxandi samkeppni við aðrar kjöttegundir. Þar er fyrst og fremst um að ræða samkeppni á tveim sviðum. Í fyrsta lagi í verði þar sem stórfelldar verðlækkanir hafa orðið á síðustu árum á kjöti ýmissa annarra búfjártegunda vegna mikillar framleiðniaukningar í þeim greinum. Í öðru lagi er samkeppnin einnig í gæðum þar sem framleiðendur hljóta að kappkosta að mæta kröfum neytenda, sem breytast í takt við þjóðfélagsþróun.

Ræktun búfjár ræður miklu um þann árangur sem næst í gæðum framleiðslunnar. Í ýmsum búfjártegundum er ræktunarárangur sóttur til annarra landa með innflutningi erfðaefnis. Þeirri samkeppni getur sauðfjárframleiðslan aðeins mætt með virku ræktunarstarfi sem gera verður kröfur um að skili miklum árangri.

Vegna mikilla takmarkana á flutningi lifandi fjár á milli búa hér á landi er sæðingarstarfsemin feikilega veigamikill hlekkur við dreifingu á besta erfðaefninu í stofninum.

Ýmsa mikilvægustu framleiðslueiginleikana, eins og frjósemi og mjólkurlagni ánna, fáum við aðeins metið á tryggan hátt með vönduðu og víðtæku skýrsluhaldi um fjárstofninn. Góðu heilli er á síðari árum jöfn þróun til aukinnar þátttöku í skýrsluhaldi sauðfjárræktar í landinu. Full ástæða er til að hvetja alla sem ætla að vera virkir þátttakendur í ræktunarstarfi á komandi árum að taka þátt í slíku starfi.

Við ræktunarstarfið fyrir kjötgæðum hafa á síðustu árum verið að koma til sögunnar fleiri breytingar sem eiga að geta skapað stóraukna möguleika til árangurs frá því er áður var.

Öflugasta breytingin varð fyrir tæpum áratug þegar ómsjármælingar hófust og náðu strax feikilega mikilli útbreiðslu. Með þeim fengust áður óþekktir möguleikar til að gera sér grein fyrir vöðva- og fitusöfnunareiginleikum á lifandi fé. Þessar mælingar eru orðnar á fjölmörgum búum fastur þáttur við skipulegt líflambaval. Einnig hefur víða um land verið almenn þátttaka ræktenda í afkvæmarannsóknum sem hafa sinn grunn í ómsjármælingum. Þessi vinna hefur þegar skilað umtalsverðum framförum í fjárstofni margra búa.

Varðandi meðhöndlun á upplýsingum úr ómsjármælingum er ástæða til að minna á að við mælingarnar hér á landi eru notaðar tvær gerðir tækja sem skila ekki sambærilegum niðurstöðum í tölulegum gildum. Auk þess temja mismunandi mælingamenn sér aðeins breytilegar aðferðir við úrlestur ómmyndanna. Þess vegna er beinn samanburður ólíkra mælinga varasamur. Þessar mælingar skila hins vegar mjög góðum niðurstöður fyrir innbyrðis samanburð lamba á sama búi sem mæld eru samtímis og hafa búið við hliðstæðar aðstæður. Á þeim grunni á fyrst og fremst að vinna með slíkar mælinganiðurstöður.

Við hefðbundna ómsjármælingu er mæld þykkt bakvöðva og þykkt fitulags yfir bakvöðva. Reynsla frá fjárræktarbúinu á Hesti hefur sýnt að auk mæligildanna skiptir lögun bakvöðvans einnig verulegu máli. Á liðnu hausti var því til viðbótar mæligildunum tekin upp skipuleg stigun á lögun bakvöðvans. Þar er æskilegasta gildið 5, sem gefið er fyrir kúptan, jafnþykkan vöðva, en það lakasta 1, sem gefið er fyrir vöðva sem þynnist mjög ört þegar farið er út eftir þverhorninu, þannig að mynd vöðvans í ómsjánni verður nánast þríhyrningur.



***Lögun ómvöðva.***

Önnur ákaflega mikilvæg breyting varð haustið 1998 þegar tekið var upp nýtt kjötmat. Í nýja kjötmatinu er lagt sjálfstætt mat annars vegar á fitu og hins vegar gerð skrokksins. Rannsóknir hafa þegar staðfest að með hinu nýja mati fást miklu nákvæmari upplýsingar til að byggja ræktunarstarf á en voru fyrir hendi í eldra mati.

Ljóst er að áherslur á þessa tvo meginþætti kjötgæðanna eiga að vera misjafnar á milli búa. Þar skipta þær framleiðsluaðstæður, sem bóndinn býr við, mestu máli, en einnig eiginleikar þess fjárstofns sem hann býr við og er að vinna að því að bæta. Þetta hlýtur einnig að endurspeglast mjög sterkt í vali sæðingahrútanna á hverju búi.

Haustið 1998 var farið að vinna að skipulegum afkvæmarannsóknum hrúta þar sem upplýsingar, fengnar eftir þessum tveim mikilvægustu upplýsingaleiðum, eru sameinaðar. Með þátttöku í slíku starfi er fenginn góður grunnur fyrir markvisst kynbótastarf. Það má hins vegar aldrei gleymast að til þess að árangur verði af slíkri vinnu þarf að fella þá hrúta sem ekki standast kröfur við slíka prófun. Aðeins með markvissu, ströngu úrvali er mögulegt að ná árangri. Ástæða er til að hvetja sem allra flesta til að framkvæma skipulegar afkvæmarannsóknir á hrútum búsins.

Markvissari aðferðir eiga að skila meiri árangri, hraðari framförum. Við sem vinnum að þessum málum teljum okkur góðu heilli sjá slíka þróun allra síðustu ár. Ef þannig er háttað er veruleg ástæða fyrir alla ræktendur að gera sér fulla grein fyrir mikilverðustu áhrifum þess í framkvæmd ræktunarstarfsins.

- Þetta kallar á örari endurnýjun í hrútastofninum en verið hefur víða.
- Bestu hrútsmæðurnar, ærnar sem hafa best erfðaeðli, er fyrst og fremst að finna í hópi yngstu ánna.
- Hópur úrvalshrútanna stækkar og úrvalseinstaklingarnir verða líklega enn vandfundnari en áður.

Þessar breytingar kalla á það að stöðvarnar þurfa að leggja enn meiri vinnu í hrútaval fyrir stöðvarnar en verið hefur. Ræktunarárangurinn ræðst ávallt öðru fremur af því að mikil og vönduð vinna sé lögð í ræktunarstarfið. Möguleikar hafa nú opnast til slíkra breytinga.

Þeir sem ætla að ná árangri í ræktunarstarfinu á næstu árum hljóta því að leggja áherslu á nákvæmt og vandað skýrsluhald um hjörðina, skipuleg vinnubrögð og sem besta nýtingu allra tiltækra upplýsinga, m.a. úr ómsjármælingum og kjötmati, með þátttöku í skipulegum afkvæmarannsóknum. Yfirburðar erfðaefni sækja þeir síðan með því að nota sæðingar með þeim úrvalshrútum sem á sæðingarstöðvunum eru.

# Sauðfjársæðingar

*Þorsteinn Ólafsson*

**Inngangur**

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 30-36 klst. eftir að beiðslið byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum ánna.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahetturnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggið frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Norskar rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búást við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma.

Athuganir mínar fyrir nokkrum árum sýndu að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar var á stærstu fjárbúunum og þar sem aðeins voru fáar ær. Ég dreg þá ályktun af því að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktarbúunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

**Nokkur ráð til þess að ná góðum árangri í sæðingunum**

Til þess að ná sem hæstu fanghlutfalli í sauðfjársæðingum mæli ég með eftirfarandi aðferð.

Daginn áður en á að sæða er farið í húsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrútunum. Það ættu að líða 6-7 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark. Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Forðist að neinir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu.

**Samstillingar**

Margir velja þann kost að samstilla gangmál ánna sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstilla ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið heldur lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60 klst.) eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

**Sæðing á öðru gangmáli frá samstillingu**

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillingarinnar og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrr en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga.

**Vinnulagsreglur**

**Sæðingar:** Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos 30 - 36 klst. eftir upphaf blæsmis.

**Dæmi:**

Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.

Leitað kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða.

Samstilling: Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

**Dæmi:**

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 29. nóvember. Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

**Samstillt og sætt á öðru gangmáli.** Svampur hafður í í 14 daga. Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

**Dæmi:**

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 13. nóv.
Svampar teknir úr 27. nóv.
Leitað 15. des. kl. 8.
Sæðing 16. desember kl. 15. Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 ánna að ganga.

Heiniger

# Hef til sölu

Fjárklippur, kúaklippur, hestaklippur, brýnsluvélar, kamba og hnífa.

Stilli handföng á barkaklippum.
Brýni kamba og hnífa.

**Guðmundur Hallgrímsson**
Hagatúni, Hvanneyri
311 Borgarnesi
Sími 437 0099 eftir kl. 19,30.





**Hrútaskráin 1999-2000 er á netinu**
http://www.bssl.is/hrutaskra

BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS 1908



# Sauðfjárbændur

Hagsmunir framleiðenda, sláturleyfishafa og neytenda fara saman.
Góður árangur í ræktun ykkar er glöggt dæmi um þetta.
Sláturfélag Vesturlands óskar ykkur til hamingju með þann árangur
sem þið hafið þegar náð og góðs gengis áfram á sömu braut.

Sláturfélag Vesturlands
• Brákarey • 310 Borgarnes • Sími: 437 1190 • Fax: 437 1031 •

## Umsögn um hrúta Sauðfjársæðingastöðvar Suðurlands árið 1999 - 2000
## HYRNDIR HRÚTAR:

# Bjartur

### frá Hjarðarfelli, Eyja- og Miklaholtshr., Snæfellsnesi.




**Ætt:**

Bjartur 93-800
- Fóstri 90-943
  - Kokkur 85-870
  - 85-587
- 89-957
  - Dropi 86-468 Mávahlíð
  - 81-7712

FMF Sindri 80-834 frá Hjarðarfelli.

Bjartur var sýndur á héraðssýningu á Snæfellsnesi 1996 og hlaut eftirfarandi dóm:

**Þungi og mál 1996:** 107 - 113 - 27,0 - 123
**Stig 1996:** 8 - 8 - 9 - 9 - 8,5 - 17 - 8,5 - 8 - 8,5 = 84,5 stig
**Ómmæling 1996:** Vöðvi 33 mm, fita 6 mm (S)

**Lýsing:** Bjartur er hyrndur, hreinhvítur. Hann hefur þróttlegan haus, hálsinn er sver, herðar kúptar en vel holdfylltar. Bringan er breið og framstæð og útlögur all góðar. Bakið er breitt, sterkt og vel holdfyllt. Malir eru vel holdfylltar, lærvöðvinn er þykkur og lokar vel klofi. Fætur eru sverir og sterklegir, fótstaða er gleið. Bjartur hefur kostamikla ull, gott bak og er bollangur.
**Ullarlýsing EE:** „Hreinhvítur með mjög fína og mjúka ull en ullin er stutt og ekki mikil. Engin svört hár fundust."
**Reynsla:** Bjartur var afkvæmasýndur (gimbrar) haustið 1997 og hlaut eftirfarandi dóm; ómvöðvi 25,2 mm (H), fita 3,7 mm, læri 16,6 stig, ull 8,2 stig og þungi 36,8 kg.
*Lambhrútaskoðun 1999: 191 - 45,8 - 83,0 - 19,4 - 114 - 80,7 - 26,07 - 3,63*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| 562 | 102 | (58 | -2 | 102) |

Dætur Bjarts eru mjólkurlagnar en fyrstu tölur um frjósemi þeirra eru örlítið neikvæðar. Það er óhætt að fullyrða að Bjartur bætir ullargæði. Bjartur gefur eingöngu hvít afkvæmi. Bjart ætti ekki að nota þar sem fituvandamál eru fyrir hendi.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Líklega verndandi.

# Peli

### frá Tóftum, Stokkseyrarhr. Árn.




**Ætt:**

Peli 94-810
- Naggur 93-042
  - Þéttir 91-931
  - Sunna 88-029
- 93-073
  - Skrúður 92-002
  - 92-018

FMF. Stubbur 85-869 f. Hesti, MFF. Kokkur 85-870 f. Hesti og MMF. Hnykkur 91-958 f. Skeiðháholti.

**Þungi og mál 1995:** 79 - 102 - 25 - 121.
**Stig 1995:** 8 - 8,5 - 8,5 - 9 - 9 - 17 - 8 - 8,5 - 8 = 84,5 stig
**Ómmæling 1995:** Vöðvi 42 mm, fita 4 mm. (H)

**Lýsing:** Peli er vel hyrndur með fríðan haus, vel holdfylltar herðar ágætlega lagaðan frampart og frábæra holdfyllingu í baki. Malir eru vel holdfylltar, lærvöðvinn kúptur og djúpur.
**Ullarlýsing EE:** „Hreinhvítur með ákaflega mjúka og fallega ull. Ullarmagn í góðu meðallagi, þelið þykkt og togið sérlega fínt en dálítið stutt í baki. Svört hár fundust ekki."
**Reynsla:** Peli var í afkvæmarannsókn á vegum stöðvarinnar 1998 þar sem hann sannaði fyrirheit um að erfa frá sér óvenju góða vöðvaþykkt og einnig er greinilegt að hann gefur góða holdfyllingu í sláturlömbum. Niðurstöður voru þessar:

| | fj. | Læra-stig | Framp. stig | Bakv. þykkt | Vöðva-hlutfall | Fituþ. á baki | Fitu-hlutf. | Fallþ. kg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Peli 94-810 | 14 | 4,26 | 4,26 | 28,7 | 61,9% | 2,4 | 22,7% | 16,82 |
| Meðaltal | 66 | 4.13 | 4,09 | 27,3 | 61,8% | 2,4 | 22,5% | 16,53 |

Vaxtarlagsflokkun: 29% U, 64% R, 7% O. Fituflokkun: 14% 2, 50% 3, 29% 3+, 7% 4.

Í haust var skoðaður nokkur hópur lambhrúta undan Pela og meðal þeirra voru sérlega góðir einstaklingar.
*Lambhrútaskoðun 1999: 91 - 44,9 - 81,7 - 18,8 - 111 - 81,1 - 26,59 - 3,25*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafél.)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| 261 | 101 | (7 | -33 | 92) |

Dætur Pela fara ekki vel af stað hvað frjósemi varðar. Peli gefur mjög góða holdfyllingu í sláturlömbum og hann stórbætir ullargæði. Ástæða er til að vara við notkun hans þar sem fituvandamál hafa verið fyrir hendi.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Áhættuarfgerð.

# Amor

**frá Mávahlíð, Snæfellsnesi.**

**Þungi og mál 1996:** 103 - 106 - 26,0 - 123
**Stig 1996:** 8 - 8 - 8 - 9 - 9 - 17,5 - 8 - 8,5 - 8 = 84,0 stig
**Ómmæling 1996:** Vöðvi 34 mm (S)




**Lýsing:** Amor er hvítur, stórhyrndur. Hann er kviðléttur, langvaxinn og frískleg kind, ekki laus við galla í framparti en bakið sterkt og holdgróið. Lærin eru mikil og stinn. Amor mældist mjög fitulítill á bak.

**Ullarlýsing EE:** „Aðeins gulur á fótum og gul hár í ull aftarlega á hrygg og á mölum. Svartar doppur í hnakka og á mölum. Ullarlítill og ullin fremur gisin en fín og mjúk."

**Reynsla:** Amor hefur gefið áberandi fitulítil en jafnframt holdug lömb. Amor var afkvæmasýndur í Mávahlíð haustið 1997 og hlaut eftirfarandi dóm í samanburði hrútlamba; ómvöðvi 25,7 mm (S), fita 3,0 mm, læri 16,9 stig, ull 7,9 stig og þungi 49,3 kg. Í samanburði gimbrarlamba var dómurinn; ómvöðvi 25,7 mm (S), fita 2,3 mm, læri 17,3 stig, ull 8,0 stig og þungi 44,0 kg.

Amor var í afkvæmarannsókn hjá Sauðfjársæðingastöðinni 1999 og hlaut eftirfarandi niðurstöðu (leiðr. fyrir fallþ.mun):

| | fj. | Læra-stig | Framp. stig | Bakv. þykkt | Lögun vöðva | Gerð-mat | Fita-mat | Fituþ. á baki | Fallþ. kg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Amor 94-814 | 20 | 3.72 | 3.79 | 26.06 | 3.39 | 7.57 | 5.20 | 2.09 | 16.07 |
| Meðaltal | 83 | 3.59 | 3.76 | 26.00 | 3.41 | 7.08 | 5.47 | 2.32 | 15.48 |

Vaxtarlagsflokkun: 15% U, 65% R, 20% O. Fituflokkun: 85% 2, 15% 3.

Amor gefur áberandi fitulítil, holdþétt, útlögumikil og bollöng afkvæmi. Nokkuð er hins vegar um galla í herðabyggingu.

*Lambhrútaskoðun 1999: 83 - 45,2 - 81,4 - 18,7 - 111 - 80,6 - 25,87 - 2,95.*

**Ætt:**




Móðir hans, Hringla, ávallt tvílembd utan einu sinni, þá sædd. Lítil reynsla er komin á Amor sem ærföður þó fyrstu tölur um frjósemi sýnist ekki uppörvandi.

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| 82 | 102 | 12 | -27 | 92 |

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Áhættuarfgerð.

# Kúnni

**frá Hesti, Andakílshreppi, Borgarfj.**

**Þungi og mál 1996:** 85 - 105 - 26 - 125
**Stig 1996:** 8 - 8 - 8 - 9 - 8,5 - 16,5 - 8 - 8 - 8 = 82,0 stig
**Ómmæling 1996:** Vöðvi 32 mm, fita 2 mm. (S)




**Lýsing:** Hvítur, gleiðhyrndur. Hausinn er sver og fríður. Háls sver, herðar nokkuð háar en vel holdfylltar. Bringan vel breið, brjóstkassi sívalur. Bakið holdgróið, malir og læri ágætlega holdfyllt. Fætur sverir og réttir. Kúnni er fríð og föngulег holdakind.

**Ullarlýsing:** Ullin mikil, í meðallagi að grófleika og nær laus við gular illhærur, en finna má dökk hár.

**Reynsla:** Kúnni var í afkvæmarannsókn á Hesti haustið 1995 og hlaut þá eftirfarandi dóm:

| | fj. | Læra-stig | Framp. stig | Bakv. þykkt | Bakv. flatarm. | Fituþ. á baki | Fituþ. á síðu | Fallþ. kg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kúnni 94-997 | 20 | 3,9 | 3,9 | 25,1 | 14,70 $cm^2$ | 2,3 | 6,3 | 14,8 |
| Meðaltal | 133 | 3,9 | 4,0 | 24,6 | 14,05 $cm^2$ | 2,5 | 7,1 | 15,2 |

Flokkun 25% DIÚ, 70% DIA, 5% DII.

Haustið 1997 voru skoðaðir 116 lambhrútar undan honum, bakvöðvi mældist 26,3 mm og fita 3,0 mm. Kúnni gefur þykkan og vel lagaðan bakvöðva en of oft skortir á lærahold. Mikill fjöldi gimbra undan Kúnna hefur verið skoðaður á síðustu tveimur árum og er óhætt að segja að þær þykja einstaklega föngulegar.

*Lambhrútaskoðun 1999: 58 - 44,8 - 81,7 - 19,0 - 113 - 80,5 - 26,87 - 3,11.*




MFF. Galsi 88-929 frá Hesti.

Vorupplýsingar 1999 fyrir frjósemi dætra eru jákvæðar, 144 dætur með +1. Vorið 1998 voru til 17 tveggja og þriggja vetra ær undan Kúnna á Hesti og báru þær að jafnaði 2 lömbum. Kúnni gefur bæði svart og mórautt en hann er líklega arfhreinn mórauður í grunni.

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| 483 | 99 | 111 | -2 | 97 |

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# Bjálfi

**frá Hesti, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.**




***Ætt:***

Bjálfi 95-802
- Bútur 93-982
  - Keli 89-955
  - 85-4821
- 93-6003
  - Hjörvi 92-972
  - 91-5758

**Þungi og mál 1996:** 86 - 100 - 23,5 - 117
**Stig 1996:** 8 - 8 - 8,5 - 8 - 8,5 - 17,5 - 7,5 - 7,5 - 8 = 81,5 stig
**Ómmæling 1996:** Vöðvi 30 mm, fita 2 mm. (S)

**Lýsing:** Bjálfi er hyrndur, hvítur, gulur á hnakka og fótum. Hann er með fremur grannan haus. Hálsinn er stuttur og mjög digur, vel gróinn við herðar sem eru ágætlega holdfylltar en ekki breiðar. Bringan er breið og útlögur góðar. Bakið er mjög harðholda með vel lagaðan bakvöðva en ekki breitt. Malir eru vel holdfylltar en afturdregnar. Lærvöðvinn er mjög þykkur og harður. Fætur eru réttir en fremur grannir. Bjálfi er lágfættur, fremur langvaxinn og harðholda.
**Ullarlýsing EE:** „Ullin áberandi gul um allt reyfi, svartar doppur á hækli og eyrum og ein svört doppa í ull. Toglítill og fremur ullarstuttur en þelið þykkt.“
**Reynsla:** Bjálfi var í afkvæmarannsókn á Hesti haustið 1996 og hlaut þá eftirfarandi dóm:

| | fj. | Læra- stig | Framp. stig | Bakv. þykkt | Bakv. flatarm. | Fituþ. á baki | Fituþ. á síðu | Fallþ. kg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bjálfi 95-802 | 17 | 4,0 | 4,0 | 26.2 | 15,40 cm2 | 1,6 | 7,2 | 15,6 |
| Meðaltal | 233 | 3,8 | 3,8 | 26.0 | 14.75 cm2 | 2,2 | 7,5 | 15,7 |

Flokkun 35,2% DIÚ, 35,2% DIA, 11,8% DIB, 17,6% DII.

Bjálfi gefur ágætlega þykkan og vel lagaðan bakvöðva, litla fitu og góð læri sem og frampart.

*Lambhrútaskoðun 1999: 105 - 46,2 - 83,4 - 19,5 - 111 - 80,9 - 26,51 - 3,16.*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| 378 | 102 | | | |

Upplýsingar um frjósemi eru aðeins frá vorinu 1999 fyrir 105 veturgamlar dætur Bjálfa og eru þær með -3 í frjósemi. Dætur Bjálfa hafa reynst vel á Hesti og áttu að meðaltali 1,93 lömb/á við 2ja vetra aldur. Bjálfi er sterkættaður kynbótahrútur sem sameinar að mörgu leyti kosti Búts 93-982 föður síns og Hörva 92-972 móðurföður síns.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# Mölur

**frá Hesti, Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.**

**Þungi og mál 1996:** 83 - 100 - 25 - 123.
**Stig 1996:** 8 - 8 - 8,5 - 8,5 - 8,5 - 17 - 7,5 - 8 - 8,5 = 82,5 stig
**Ómmæling 1996:** Vöðvi 29 mm, fita 3 mm. (S)

**Lýsing:** Mölur er fínhyrndur með þróttlegan haus, vel holdfylltar herðar og sívalan frampart. Bak og malir eru vel holdfyllt, lærvöðvinn þykkur. Fætur eru réttir og fótstaðan sérlega góð.
**Ullarlýsing EE:** „Ullarmikill og lagðprúður hrútur en ullin áberandi gul um allt reyfi. Svört hár fundust ekki. Ullin togmikil og togið fremur gróft.“
**Reynsla:** Mölur var í afkvæmarannsókn á Hesti 1996 og var niðurstaðan eftirfarandi:

| | fj. | Læra-stig | Framp. stig | Bakv. þykkt | Bakv. flatarm. | Fituþ. á baki | Fituþ. á síðu | Fallþ. kg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mölur 95-812 | 24 | 4,1 | | 26,94 | 15,59 cm² | 2,0 | 7,3 | 16,1 |
| Meðaltal | 233 | 3,8 | 3,8 | 26,0 | 14,75 cm² | 2,2 | 7,5 | 15,7 |

Flokkun 37,5% DIÚ, 58,3% DIA, 4,2% DIB.

Mölur var einnig í afkvæmarannsókn hjá Sauðfjársæðingastöðinni 1998:

| | fj. | Læra-stig | Framp. stig | Bakv. þykkt | Vöðva-hlutfall | Fituþ. á baki | Fitu-hlutf. | Fallþ. kg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mölur 95-812 | 21 | 4,20 | 4,13 | 27,0 | 61,6% | 2,1 | 22,6% | 16,61 |
| Meðaltal | 66 | 4,13 | 4,09 | 27,3 | 61,8% | 2,4 | 22,5% | 16,53 |

Vaxtarlagsflokkun: 14% U, 67% R, 19% O. Fituflokkun: 24% 2, 52% 3, 24% 3+.

Nokkuð er um galla í frambyggingu undan Möl en mala- og lærahold eru með því besta sem gerist.
*Lambhrútaskoðun 1999: 23 - 43,6 - 81,2 - 18,8 - 113 - 80,1 - 25,06 - 3,12.*

## Úr skýrslum fjárræktarfél. (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| 289 | 103 | | | |

Dætur Malar á Hesti hafa reynst frjósamar og farsælar. Þannig áttu þær 1,89 lömb/á tveggja vetra og 2,00 lömb/á þriggja vetra. Þær eru vel gerðar og afkvæmi þeirra erfa góðan og vel lagaðan vöðva sem frá Möl er komin. Afurðir þeirra eru nokkuð yfir meðallagi. Fyrir liggja frjósemisupplýsingar 43 veturgamalla dætra frá vorinu 1999 með -10 í frjósemi.
Af þessu má sjá að Mölur gefur frábæra kjöteiginleika og afurðasemi dætra virðist ágæt þó upplýsingar um frjósemi séu misjafnar. Mölur gefur dökka liti.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.







* 87-5048 var dóttir Sindra 80-834 f. Hjarðarfelli.

# Stubbur

## frá Oddgeirshólum (Magnúsi Guðmundssyni), Hraung. Árn.







* Rjúpa var dóttir Arons 83-825 frá Hesti

Dætur Stubbs fara ágætlega af stað hvað frjósemi varðar. Stubbur er mótandi ræktunarkind og ætla má að hann henti vel á stórar ær og þar sem vænleiki er mikill.

**Þungi og mál 1996:** 80 - 109 - 24,5 - 112
**Stig 1996:** 8 - 8 - 9 – 8,5 - 8,5 - 18 - 8 - 9 - 8,5 = 85,0 stig
**Ómmæling 1996:** Vöðvi 37 mm, fita 3 mm. (H)

**Lýsing:** Stubbur er kattlágfættur, með stuttan sveran háls, útlögugóður, holdgróinn í baki og mölum. Lærvöðvinn þykkur og djúpur, fætur sverir og fótstaðan gleið.

**Ullarlýsing EE:** „Gulur á haus og fótum, aðeins gult í ull en ekki áberandi. Svört doppa í hnakka og önnur á mölum. Ullarmagn í tæpu meðallagi og tog í meðallagi gróft en aðeins gróft tog í baki."

**Reynsla:** Stubbur hefur vakið athygli fyrir fádæma góða flokkun sláturlamba. 1996-98. Stubbur var í afkvæmarannsókn Sauðfjársæðingastöðvarinnar 1999 og með svohljóðandi útkomu (leiðrétt fyrir fallþungamun):

| | fj. | Læra-stig | Framp. stig | Bakv. þykkt | Lögun vöðva | Gerð-mat | Fita-mat | Fituþ. á baki | Fallþ. kg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stubbur 95-815 | 21 | 3,96 | 4,04 | 26,50 | 3,47 | 7,94 | 5,52 | 2,40 | 14,68 |
| Meðaltal | 83 | 3,59 | 3,76 | 26,00 | 3,41 | 7,08 | 5,47 | 2,32 | 15,48 |

Vaxtarlagsflokkun: 19% U, 62% R, 19% O. Fituflokkun: 90% 2, 5% 3, 5% 3+.

Stubbur gefur afar vel gerð og sérlega fitusnauð en full þroskalítil afkvæmi. Læra- og malahold með því betra en á stundum vantar í bak. Benda má á að faðir Stubbs, Mjöður 93-813, er einn af hæstu hrútum landsins í kynbótamati fyrir kjötmat.

*Lambhrútaskoðun 1999: 172 - 44,9 - 82,0 - 18,6 - 110 - 81,2 - 25,69 - 2,81.*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi** | **Einkunn** | **Afurðaár** | **Frjósemi** | **Einkunn** |
| (129 | 103 | 18 | +1 | 102) |

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# Massi

## (áður Moli) frá Stóru-Reykjum, Hraungerðishr., Árn.







* MMF. Svoli 86-889 frá Stóra-Ármóti.

Lítil reynsla er komin á Massa, þó er hægt að segja að flokkun sláturlamba og gerð afkvæma er framúrskarandi góð. Massi er frábærlega vel gerður einstaklingur sem virðist erfa frá sér mikil bak- og lærahold.

**Þungi og mál 1998:** 103 - 116 - 26,5 - 126
**Stig 1998:** 8 - 9 - 9,5 - 9 - 9 - 18,5 - 8 - 9 - 8,5 = 88,5 stig
**Ómmæling 1998:** Vöðvi 40 mm, fita 5 mm. (H)

**Lýsing:** Massi er hvítur, frekar sverhyrndur. Hausinn er langur, háls og herðar vel holdfylltar og útlögur frábærar. Bakið er breitt, holdugt og mikið. Malir breiðar og holdugar en aðeins hallandi. Lærahold mikil, vöðvinn djúpur og vel lagaður. Fætur eru sverir en ekki sterklegir, afturfætur aðeins snúnir. Massi er frábærlega vel gerður einstaklingur og án efa mikill fengur að honum á stöð.

**Ullarlýsing:** Ull í meðallagi að magni og grófleika. Ekki ber á gulum hárum í ull en svört doppa er í baki.

**Reynsla:** Massi (þá Moli) var afkvæmasýndur haustið 1998 og hlaut eftirfarandi dóm; ómvöðvi 27,9 mm (H), fita 2,5 mm, læri 17,3 stig, ull 7,8 stig, gerð 8,80, fita 6,39, þungi 39,5 kg og fallþungi 14,46 kg. Massi stóð efstur í þeim samanburði og tók föður sínum all nokkuð fram þar. Kjötmatsupplýsingar 39 lamba gefa 8,62 í gerð og 6,28 í fitu, fallþungi 14,3 kg. Kynbótamat Massa er: Gerð 129 - fita 101. Massi er einn af efstu hrútum á landinu í kynbótamati.

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi** | **Einkunn** | **Afurðaár** | **Frjósemi** | **Einkunn** |
| (62 | 99 | 3 | +4 | 101) |

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Þungi og mál 1999:** 80 - 105 - 24,0 - 116
**Stig 1999:** 8 - 8,5 - 8,5 - 9 - 8,5 - 17 - 8 - 8 - 8 = 83,5 stig
**Ómmæling 1999:** Vöðvi 31 mm, fita 2 mm. (s)

# Sónn

**frá Hesti, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.**




**Lýsing:** Sónn er hvítur, grófhyrndur. Hálsinn er stuttur og sver, bringan breið en útlögur í meðallagi. Bakið sterkt og holdgróið. Malirnar langar og holdugar, lærvöðvinn stinnur og djúpur. Fætur fremur grannir en réttir. Sónn er vel ættaður kynbótahrútur sem miklar vonir eru bundnar við.
**Ullarlýsing EE:** „Gulur í hnakka og á fótum, aðeins ber á gulum hárum í ull en ekki verulegt. Engin svört hár fundust í ull. Ullin annars í meðallagi bæði að magni og gæðum og reyfið þokkalega jafnt, en aðeins stutt í baki.“
**Reynsla:** Sónn var í afkvæmarannsókn á Hesti haustið 1996 og hlaut þá eftirfarandi dóm:

| | Læra-fj. | Framp. stig | Bakv. stig | Bakv. þykkt | Fituþ. flatarm. | Fituþ. á baki | Fallþ. á síðu | kg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sónn | | 20 | 3,9 | 28,3 | 16,53 cm² | 1,8 | 7,3 | 15,8 |
| Meðaltal | 233 | 3,8 | 3,8 | 26,0 | 14,75 cm² | 2,2 | 7.5 | 15,7 |

Flokkun 30,0% DIÚ, 60,0% DIA, 10,0% DII.

Sónn gefur hér mjög þykkan og vel lagaðan bakvöðva, litla fitu og góð læri sem og frampart. Sónn hefur mikla vöðvasöfnunareiginleika til að bera en útlögur eru vart nægar.
Móðir Sóns, 93-5968, var þrisvar sinnum tvílemb og einu sinni einlembd auk gemlingársins. Hún var meðalær hvað afurðasemi snertir. Dætur Sóns á Hesti eru meðalafurðaær en frjósemi þeirra hefur verið með ágætum; 1,77 lömb/á tveggja vetra og 1,85 lömb/á þriggja vetra. Sónn ætti að henta vel til þess að bæta vöðvasöfnun en velja þarf ær með góða frambyggingu á móti honum.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

***Ætt:***

Sónn 95-842
- Snorri 91-969 Hesti
  - Galsi 88-929
  - 87-5075
- 93-5968
  - Gosi 91-945
  - 87-5090

* FMF. Strammi 83-833 frá Hesti.

---

**Þungi og mál 1998:** 90 - 102 - 25,0 - 116
**Stig 1998:** 8 - 8,5 - 9 - 8,5 - 8,5 - 18 - 7,5 - 8 - 8,5 = 84,5 stig
**Ómmæling 1998:** Vöðvi 32 mm, fita 8 mm (H)

# Lækur

**(áður Askur) frá Lækjarhúsum, Suðursveit, A.-Skaft.**




**Lýsing:** Lækur er hvítur, fínhyrndur og aðeins gulur í hnakka og á fótum. Hausinn er fríður og hornalag gott. Hálsinn er stuttur og sver og útlögur miklar. Bakið er holdugt og sterkt, malir holdfylltar og kúptar. Lærahold úrvalsgóð. Fætur eru réttir. Lækur er afar jafnvaxinn og fönguleg holdakind.
**Ullarlýsing:** Gult í hnakka og á fótum og aðeins var um gul hár í reyfi. Ullin fremur fín og magn í meðallagi. Engar svartar doppur sjáanlegar eftir rúning.
**Reynsla:** Lækur (þá Askur) var afkvæmasýndur haustið 1998 og hlaut eftirfarandi dóm; ómvöðvi 24,6 mm (H), fita 2,6 mm, læri 16,9 stig, ull 7,5 stig, gerð 10,55, fita 6,25, þungi 38,6 kg og fallþungi 16,02 kg. Kjötmatsupplýsingar 20 lamba frá 1998 gefa 10,55 fyrir gerð (sem er frábært) og 6,25 fyrir fitu, fallþungi 16,0 kg.
Kynbótamat Lækjar er: Gerð 143 - fita 87. Lækur stendur meðal 10 efstu hrúta á landinu í kynbótamati fyrir kjötgæði.

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| (31 | 98) | | | |

Móðir Lækjar, Spóla 93-987, hefur alltaf verið tvílembd utan einu sinni einlembd, þá tvævetur, og er með 5,5 í afurðastig. Eins og sjá má á þessum tölum gefur Lækur mikil lærahold og frábæra flokkun sláturlamba eins og faðir hans Garpur gerði alla sína tíð. Full ástæða er til þess að ætla að Lækur verði mikill kynbótahrútur og taki föður sínum, Garpi 92-808, jafnvel fram í þeim efnum.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Áhættuarfgerð.

***Ætt:***

Lækur 97-843
- Garpur 92-808
  - Hrókur 88-198
  - Varta 88-829
- Spóla 93-987
  - Þéttir 91-931
  - Filma 90-855

*MMF. Steinn 81-864 frá Steinsholti.

# Neisti

frá Svínafelli I, Öræfum, A.-Skaft.




**Þungi og mál 1998:** 80 - 102 - 24,5 - 114
**Stig 1998:** 8 - 8 - 8,5 - 8 - 8,5 - 17,5 - 8 - 8 - 8,5 = 83,0 stig
**Ómmæling 1997:** Vöðvi 32 mm , fita 4 mm (H)

**Lýsing:** Neisti er hvítur, krapphyrndur. Hann er fölgulur á haus og fótum, hausinn er nokkuð þróttlegur. Háls er frekar grannur en herðar ágætar og prýðilega holdfylltar. Útlögur fremur miklar, bakhold í meðallagi og malir fremur stuttar en vel holdugar. Lærvöðvinn mikill og djúpur. Fætur eru í meðallagi sverir og réttir. Neisti er langvaxinn og frískleg kind.
**Ullarlýsing:** Fölgulur á haus og fótum en ekki ber á gulum hárum á belg. Engar svartar doppur að sjá eftir rúning. Ullarmagn í meðallagi.
**Reynsla:** Engin reynsla er komin á Neista sem ærföður en flokkun sláturlamba undan honum hefur verið mjög góð. Þannig liggja fyrir kjötmatsupplýsingar fyrir 34 lömb frá haustinu 1998 með 7,91 fyrir gerð, 5,18 fyrir fitu, fallþungi 14,2 kg. Þá var 59 lömbum undan honum fargað í haust og flokkuðust þau þannig: 19% U, 54% R og 27% O, fita; 83% 2, 15% 3 og 2% 4. Kynbótamat Neista er: Gerð 121 - fita 100.
Rúmlega tugur gimbra undan Neista var skoðaður í haust og voru þær áberandi lágfættar og vel gerðar en léttar.

*Ætt:*




**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| (37 | 92) | | | |

Móðir Neista, Gullbrá 93-348, hefur ávallt verið tvílembd utan einu sinni, þá sædd. Hún er með 6,3 í afurðastig fyrir 5 ár. Eins og áður sagði hefur Neisti gefið mjög góða flokkun sláturlamba. Vísbendingum að Neisti gefi fremur létt þarf að taka með varúð þar sem undir hann hafa valist ær sem gengu á lakara landi en samanburðarærnar í Svínafelli.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Þungi og mál 1999:** 75-102-22,5-125

**Stig 1999:** 8 - 8 - 8,5 - 8 - 8 - 16 - 9 - 8 - 8 = 81,5 stig

**Ómmæling 1999:** Vöðvi 29 mm, fita 4 mm. (H)

# Lagður

## frá Freyshólum, Vallahreppi, S-Múlasýslu.




**Lýsing:** Lagður er fínhyrndur, hreinhvítur. Hausinn svipgóður en ekki breiður. Háls og herðar í meðallagi en útlögur fremur miklar. Bak-, mala- og lærahold í meðallagi, þó eru malir aðeins afturdregnar. Fætur eru grannir en réttir. Lagður er prýðilega gerður og sérstaklega ullarfagur.
**Ullarlýsing EE:** „Hreinhvítur, ullarmagn í ríflegu meðallagi, dálítið togmikil. Ullarfar jafnt, ullin geysilega mjúk og togfín og sérstaklega vel gljáandi. Engin svört hár."
**Reynsla:** Engin reynsla er enn komin á Lagð sem ærföður en all nokkur hópur lambhrúta undan honum kom til skoðunar í haust. Af þeim má sjá að Lagður gefur útlögumikil lömb og stórbætir ullargæði.
Lagður var enn fremur í afkvæmarannsókn á vegum Sauðfjársæðingastöðvarinnar 1999:

| | Læra-fj. | Framp. stig | Bakv. stig | Lögun þykkt | Gerð-vöðva | Fita-mat | Fituþ. mat | Fallþ. á baki | kg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lagður 98-819 | 10 | 3,33 | 3,45 | 26,00 | 3,24 | 6,02 | 6,16 | 2,70 | 15,25 |
| Meðaltal | 83 | 3,59 | 3,76 | 26,00 | 3,41 | 7,08 | 5,47 | 2,32 | 15,48 |

*Vaxtarlagsflokkun: 50% R, 50% O. Fituflokkun: 60% 2, 30% 3, 10% 3+.*
Það er því fyllilega óhætt að mæla með notkun Lagðs, vegna ullargæða.
*Lambhrútaskoðun 1999: 45 - 43,7 - 81,2 - 18,5 - 112 - 80,6 - 25,62 - 3,62.*

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Áhættuarfgerð.

***Ætt:***

- Lagður 98-819
  - Mjaldur 93-985
    - Þéttir 91-931
    - Hringja 91-123
  - 94-353
    - Goði 90-378
    - 87-094

---

**Þungi og mál 1999:** 82 - 102 - 23,5 - 123

**Stig 1999:** 8 - 8 - 8 - 8,5 - 8,5 - 16,5 - 7,5 - 8 - 8 = 81,0 stig

**Ómmæling 1999:** Vöðvi 31 mm, fita 7 mm. (s)

# Morró

## frá Tóftum, Stokkseyrarhreppi, Árnessýslu.




**Lýsing:** Morró er fínhyrndur, mórauður. Hausinn er fremur grannur, háls og herðar ágætlega holdfyllt og útlögur í meðallagi. Bakhold allgóð, malir langar og holdmiklar en ekki breiðar. Læri vel löguð en vöðvinn ekki djúpur. Morró er allvel gerð mórauð kind og kemur inn á stöð sem slíkur.
**Ullarlýsing:** Ullin er þokkalega mórauð en nokkuð er um grá toghár. Ullarmagn í meðallagi.
**Reynsla:** Engin reynsla er komin á Morró. Þess er vænst að hann verði verðugur kynbótahrútur til viðhalds á mislitu fé. Móðir hans, 94-008, hefur ávallt verið tvílembd utan gemlingsárið og er með 5,5 í afurðastig fyrir 4 ár. Morró gefur alla liti og töluvert af flekkóttu.

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

***Ætt:***

- Morró 98-845
  - Serkur 95-811
    - Svali 91-660 Berserkseyri
    - Heiða 92-885
  - 94-008
    - Stakkur 89-957
    - Gæfa 89-005

# Sólon

frá Heydalsá I, Kirkjubólshr., Strandasýslu.



93-977

**Ætt:**

Sólon 93-977
- Dropi 91-250
  - Valur 90-934
  - 89-043
- 92-129
  - Broddi 85-892
  - 88-992

**Þungi og mál 1994:** 93 - 103 - 24,0 - 127
**Stig 1994:** 8,5 - 8 - 8 - 8,5 - 8,5 - 17,5 - 8,5 - 8 - 8 = 83,5 stig

**Lýsing:** Sólon er hvítur, berkollóttur, dröfnóttur á haus. Hausinn er stuttur, sver og þróttlegur, hálsinn sver, herðar þokkalega holdfylltar. Bringan djúp, útlögur góðar, bakið breitt og sterkt. Malir breiðar og holdfylltar. Lærvöðvi afar þykkur og djúpur. Fætur réttir. Sólon er með sérlega góð læra- og malahold.
**Ullarlýsing:** Ullin mikil, laus við gular illhærur, en dökkur blettur á baki. Nokkuð ber orðið á svörtum dropum.
**Reynsla:** Sólon var í afkvæmarannsókn haustið 1994 og var niðurstaðan eftirfarandi: Læri 3,6 stig, síðufita 8,8 mm, fallþungi 20,1 kg. Einkunn fyrir vænleika 101,5 og kjötgæði 98,7.
Undanfarin haust hefur feikimikill fjöldi lambhrúta undan Sóloni verið skoðaður. Þeir hafa reynst þroskamiklir og vænir en bakvöðvi full þunnur.
*Lambhrútaskoðun 1999: 30 - 46,9 - 80,2 - 19,0 - 114 - 79,8 - 24,74 - 3,55.*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| 828 | 99 | 232 | -3 | 101 |

Dætur hans virðast afurðasamar og frjósemi nærri meðallagi. Sólon gefur eingöngu hvít afkvæmi, þar af töluvert hreinhvítt.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# Jökull

(áður Bjartur) frá Brimilsvöllum, Snæfellsbæ.



94-804

**Ætt:**

Jökull 94-804
- Björn 89-933
  - Þröstur 85-912
  - Arna 85-115
- 91-063
  - Dropi 85-923
  - Þoka 83-430

Jökull (þá Bjartur) var sýndur á héraðssýningu á Snæfellsnesi 1996 og hlaut eftirfarandi dóm:

**Þungi og mál 1996:** 89 - 111 - 25,0 - 126
**Stig 1996:** 8 - 8 - 8,5 - 8,5 - 8 - 17,5 - 8,5 - 8 - 8 = 83,0 stig.
**Ómmæling 1996:** Vöðvi 32 mm, fita 5 mm. (S)

**Lýsing:** Jökull er kollóttur, hreinhvítur. Hausinn er þróttlegur, þó ekki sver. Háls og herðar þokkalega holdfyllt, útlögur eru góðar en bringan fremur þröng. Bakið er breitt og sterkt og allvel holdfyllt. Malir eru vel holdfylltar og lærahold góð. Fætir eru réttir. Jökull er ágætlega jafnvaxinn með góðan afturpart og hreinhvíta og góða ull.
**Ullarlýsing EE:** „Hreinhvítur, ullin í meðallagi mikil og togið fremur gróft. Engin svört hár fundust."
**Reynsla:** Jökull hefur ekki fengið mikla notkun á stöð þar sem sæðistaka gekk illa fyrsta vetur hans og á Norðurlandi dró niðurstaða arfgerðargreiningar v/riðusmits úr notkun hans þar sem aðalsvæði kollótta fjárins þar er líflambasölusvæði. Hins vegar hafa afkvæmi Jökuls reynst afburðavel og er óhætt að fullyrða að Jökull er með betri kollóttum kynbótahrútum á stöð. Það er ljóst að hann bætir ekki aðeins ull heldur og einnig vaxtarlag.
*Lambhrútaskoðun 1999: 14 - 45,6 - 81,3 - 18,6 - 118 - 79,4 - 24,67 - 3,89.*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| 88 | 103 | (5 | +19 | 103) |

Fyrstu upplýsingar um dætur Jökuls lofa góðu en þær eru ekki margar á skýrslu enn. Þá er fjárbúskap nú hætt á Brimilsvöllum og því upplýsingar takmarkaðar. Jökull gefur eingöngu hvít afkvæmi og mikið af hreinhvítu.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Áhættuarfgerð.

# Búri

**frá Norðurhjáleigu, Álftaveri, Skaftárhreppi, V-Skaft.**

**Þungi og mál 1995:** 80 - 106 - 24,5 - 120
**Stig 1995:** 8 - 8 - 8 - 9 - 8,5 - 18 - 8 - 8 - 9 = 85,5 stig
**Ómmæling 1995:** Vöðvi 38 mm, fita 7 mm. (H)

**Lýsing:** Búri er kollóttur, hvítur að lit. Hann er bollangur og fremur lágfættur og með frábæra holdfyllingu í baki, mölum og lærum. Fætur eru sterklegir og fótstaða góð.
**Ullarlýsing EE:** „Gulur í hnakka og rófu og gul hár í ull á mölum en ekki ber á gulum hárum annars staðar, svört hár fundust ekki. Ullarmagn í góðu meðallagi og togið í meðallagi gróft.“
**Reynsla:** Meðal lambhrúta undan Búra sem skoðaðir voru í haust var að finna góð hrútsefni og virðist Búri gefa mikla lengd og þunga.
*Lambhrútaskoðun 1999: 13 - 45,3 - 80,8 - 18,8 - 109 - 80,5 - 24,64 - 3,58.*




**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| 285 | 101 | (39 | -7 | 95) |

Viðbótarupplýsingar dætra frá í vor gefa jákvæðari mynd en tölur úr heimafélagi þar sem 32 veturgamlar dætur fá +10 fyrir frjósemi. Auk þess lofa þær góðu með mjólkurlagni. Búri gefur svart og grátt.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.




* MFF Þröstur 85-912

# Sveppur

**frá Smáhömrum, Kirkjubólshreppi, Strandasýslu.**

**Þungi og mál 1996:** 99 - 106 - 27,0 – 121
**Stig 1996:** 8 - 8 - 8,5 - 9,5 - 9,5 - 18,5 - 8 - 8 - 8 = 86,0 stig
**Ómmæling 1996:** Vöðvi 41 mm. (S)

**Lýsing:** Sveppur er hvítur kollóttur með þróttlegan haus, breiðar en nokkuð hrjúfar herðar. Góðar útlögur og einstaklega þykkan bakvöðva og breiðar malir öflug mala- og lærahold. Sveppur hefur sterklega fætur og góða fótstöðu.
**Ullarlýsing EE:** „Gulur á hnakka og fótum en ekki gulur á ull. Svört hár fundust ekki. Ullin mikil, með þykku þeli og togið meðal gróft.“
**Reynsla:** Sveppur var í afkvæmarannsókn á Smáhömrum 1995 og var niðurstaðan þessi: Fallþungi 18,6 kg, 0,3 kg yfir meðaltali, lærastig 3,1, fita 9,5 mm. Einkunn fyrir þunga 103,3 og einkunn fyrir kjötgæði 98,4.
*Lambhrútaskoðun 1999: 94 - 47,3 - 81,8 - 19,1 - 115 - 80,5 - 24,00 - 3,77.*




**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| 75 | 105 | (22 | +28 | 112) |

Dætur Svepps fara vel af stað, bæði hvað afurðasemi og frjósemi varðar.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.



# Hnykill

## frá Árbæ, Reykhólasveit, A-Barð.



95-820

**Ætt:**

Hnykill 95-820
- Kollur 94-022
  - Kynnir 92-008
  - Helga 90-236
- Röst 93-387
  - Freyr 92-010
  - Ásrún 90-246

MFF Broddi 85-892

Móðir hans, Röst, er með eftirfarandi einkunnir; 3-3-1 / 4-6,8-5,4 og var tvílembd sl. vor. Frjósemi dætra er greinilega mikil. Hnykill hefur gefið grátt og grábotnótt. Hnykill er án efa kynbótahrútur og sem slíkur í fremstu röð.

**Þungi og mál 1996:** 90 - 104 - 24,5 - 130
**Stig 1996:** 8 - 8 - 8,5 - 8,5 - 8,5 - 16,5 - 8 - 8 - 8 = 82,0 stig
**Ómmæling 1996:** Vöðvi 32 mm (H)

**Lýsing:** Hnykill er hvítur og kollóttur. Hann er ákaflega jafnvaxinn með breiðar holdfylltar herðar sem og bak og malir. Bakið er sterkt, lærvöðvinn þykkur, vel lagaður og djúpur. Fótstaðan er góð og fætur sterkir.
**Ullarlýsing EE:** „Hreinhvítur, ullarmagn í tæpu meðallagi og togið fremur stutt en þelið þykkt. Ullarstuttur í baki. Svört hár fundust ekki."
**Reynsla:** Hnykill var afkvæmasýndur haustið 1997 og hlaut eftirfarandi dóm; ómvöðvi 24,1 mm (S), fita 2,3 mm, læri 16,5 stig, ull 8,0 stig og þungi 41,6 kg. Hnykill var afkvæmasýndur öðru sinni haustið 1998 og hlaut þá eftirfarandi dóm; ómvöðvi 24,9 mm (S), fita 3,6 mm, læri 16,1 stig, gerð 8,00, fita 6,93 og fallþungi 18,19 kg.
Hnykill var afkvæmaprófaður þriðja sinni af Sauðfjársæðingastöðinni 1999 og var niðurstaða þessi:

| | fj. | Læra-stig | Framp. stig | Bakv. þykkt | Vöðva-hlutfall | Fituþ. á baki | Fitu-hlutf. | Fallþ. kg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hnykill 95-810 | 12 | 3,72 | 3,58 | 23,8 | 61,0% | 2,3 | 22,4% | 16,84 |
| Meðaltal | 30 | 3,86 | 3,81 | 24,4 | 60,7% | 2,4 | 23,0% | 17,00 |

Vaxtarlagsflokkun: 75% R, 25% O. Fituflokkun: 25% 1, 50% 2, 25% 3.

Það er einsýnt að Hnykill gefur væn og þroskamikil en fitulítil lömb.

*Lambhrútaskoðun 1999: 10 - 45,9 - 83,5 - 19,5 - 113 - 81,2 - 26,66 - 3,89.*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| (123 | 93 | 19 | +17 | 108) |

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus

# Bassi

## frá Bassastöðum í Kaldrananeshreppi, Strand. (Keyptur frá Kristjáni Albertssyni á Melum, Árneshr., Strandasýslu).



95-821

**Ætt:**

Bassi 95-821
- Prúður 92-278 Hafnardal
  - Tumi 89-549 Hafnardal (frá Melum)
  - Hörð 88-653
- 93-315
  - Vaskur 90-937
  - 89-165

**Þungi og mál 1996:** 93 - 107 - 26,0 - 120
**Stig 1996:** 8 - 8 - 8,5 - 9 - 8,5 - 18 - 8 - 8 - 8,5 = 84,5 stig
**Ómmæling 1996:** Vöðvi 31 mm. (S)

**Lýsing:** Bassi er hreint djásn að allri gerð. Hann er bollangur með þykkan bakvöðva, fádæma mikil lærahold og vel hvíta ull.
**Reynsla:** Bassi var afkvæmasýndur haustið 1998 og hlaut eftirfarandi dóm; ómvöðvi 24,1 mm (S), fita 5,5 mm, læri 16,2 stig, gerð 7,29, fita 5,35 og fallþungi 15,93 kg.
Bassi var afkvæmaprófaður af Sauðfjársæðingastöðinni 1999:

| | fj. | Læra-stig | Framp. stig | Bakv. þykkt | Vöðva-hlutfall | Fituþ. á baki | Fitu-hlutf. | Fallþ. kg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bassi 95-821 | 18 | 3,96 | 3,97 | 24,9 | 60,5% | 2,5 | 23,5% | 17,10 |
| Meðaltal | 30 | 3,86 | 3,81 | 24,4 | 60,7% | 2,4 | 23,0% | 17,00 |

Vaxtarlagsflokkun: 6% E, 11% U, 78% R, 5% O. Fituflokkun: 11% 1, 56% 2, 22% 3, 11% 3+.

Ekki er komin veruleg reynsla á Bassa og alls ekki hvað dætur varðar. Til skoðunar í haust kom verulegur hópur lambhrúta undan Bassa og er ljóst að hann skilar sinni góðu gerð áfram til afkvæma sinna ásamt miklum vænleika.

*Lambhrútaskoðun 1999: 52 - 48,2 - 82,9 - 19,8 - 114 - 80,7 - 26,31 - 3,53.*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| (223 | 98 | 23 | -3 | 98) |

Bassi er einhver albesti kynbótahrútur kollótta fjárins hin síðari ár.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# Eir

frá Smáhömrum, Kirkjubólshreppi, Strandasýslu.

**Þungi og mál 1997** 86 - 110 - 23,5 - 124
**Stig 1997:** 8 - 8,5 - 8,5 - 8,5 - 9 - 17,5 - 8,5* - 8 - 8,5 = 85,0 stig.
**Ómmæling 1997:** Vöðvi 35 mm, (S) *breytt 1999

**Lýsing:** Eir er hreinhvítur, kollóttur. Hann er sérlega holdgróinn um háls og herðar með feykimiklar útlögur. Bakið er holdmikið og sterkt. Malir eru langar, breiðar og holdfylling með því albesta sem gerist. Lærvöðvinn er sérlega vel lagaður, mikill og lokar klofi alveg. Fætur eru sverir og réttir. Eir er fádæma öflug og langvaxin holdakind.
**Ullarlýsing EE:** „Hreinhvítur með svartar dropur á eyrum — engin svört hár fundust í ull. Fremur ullarstuttur með fínt og hrokkið tog. Ullarmagn í tæpu meðallagi og ullin stutt og þellítil í baki. Góður gljái og ullin mjúk.“
**Reynsla:** Eir var í afkvæmarannsókn á Smáhömrum haustið 1997 og hlaut eftirfarandi niðurstöðu; fita 8,4 mm, lærastig 3,8 og fallþungi 18,7 kg. Einkunn fyrir þunga 99,8 og 102,7 fyrir kjötgæði í ákaflega jöfnum hópi góðra hrúta. Eir var svo afkvæmasýndur haustið 1998 og hlaut eftirfarandi dóm; ómvöðvi 23,5 mm (S), fita 3,6 mm, læri 16,3 stig, gerð 7,70, fita 6,20 og fallþungi 16,92 kg.
Kjötmatsupplýsingar frá 1998 eru af skornum skammti, aðeins 11 lömb, þar sem gífurlegur fjöldi lamba undan Eir var settur á. Eir fékk 7,73 fyrir gerð og 6,09 fyrir fitu, fallþungi 17,0 kg en ljóst er að þar var aðeins um alslökustu einstaklinga undan honum að ræða.

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| (49 | 101 | 2 | +33 | 101) |

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.




*Ætt:*

Eir 96-840
- Kópur 95-825
  - Geysir 91-256
  - 88-438
- 92-658
  - Lukkuláki 88-153
  - 90-542

Móðir Eirs, 92-658, alltaf tvílembd nema gemlingsárið og með 5,4 í einkunn fyrir 6 afurðaár. Aðeins tvær dætur Eirs eru komnar til uppgjörs en þær lofa góðu. Af öllum tölum varðandi Eir verður að ráða að hér sé á ferðinni einhver alglæsilegasti kollótti hrútur sem komið hefur á stöð og bindum við miklar vonir við notkun hans.

## FORYSTUHRÚTUR

# Biskup

frá Ytra-Álandi.

**Lýsing:** Biskup er svartblesóttur, sokkóttur. Biskup er skynugur og rólegur, hefur greindarlegt yfirbragð og er líklegur til að nýtast vel við varðveislu forystufjárins.




*Ætt:*

Biskup 96-822
- Púki Syðri-Brekkum
  - Glæsir Miðjarðarnesseli
  - Brana Syðri-Brekkum
- 002 Ytra-Álandi
  - Strengur Gunnarsstöðum
  - Bílda Ytra-Álandi

## Niðurstaða afkvæmarannsóknar á sæðingahrútum 1999

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands
Afkvæmarannsókn 1999

**Hyrndir hrútar** (leiðr. fyrir fallþunga):

| Nafn | Númer | Fall kg | Læri stig | Framp. stig | Gerð-mat | Fita-mat | Ómvöðvi mm | Ómfita mm | Lögun vöðva |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mjöður | 93813 | 15,47 | 3,62 | 3,58 | 6,95 | 5,15 | 25,07 | 2,06 | 3,27 |
| Amor | 94814 | 16,07 | 3,72 | 3,79 | 7,57 | 5,20 | 26,06 | 2,09 | 3,39 |
| Stubbur | 95815 | 14,68 | 3,96 | 4,04 | 7,94 | 5,52 | 26,50 | 2,40 | 3,47 |
| Veggur | 96816 | 15,70 | 3,41 | 3,63 | 6,63 | 5,51 | 25,95 | 2,42 | 3,49 |
| Lögur | 98818 | 15,03 | 3,02 | 3,51 | 5,16 | 5,42 | 25,42 | 2,50 | 3,26 |
| Lagður | 98819 | 15,25 | 3,33 | 3,45 | 6,02 | 6,16 | 26,00 | 2,70 | 3,24 |
| Meðaltal: | | 15,48 | 3,59 | 3,76 | 7,08 | 5,47 | 26,00 | 2,32 | 3,41 |

**Kollóttir hrútar:**

| Nafn | Númer | Fall kg | Læri stig | Framp. stig | Gerð-mat | Fita-mat | Ómvöðvi mm | Ómfita mm | Lögun vöðva |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bassi | 95821 | 17,10 | 3,96 | 3,97 | 8,50 | 5,78 | 24,90 | 2,30 | 3,17 |
| Hnykill | 95820 | 16,84 | 3,72 | 3,58 | 7,25 | 5,00 | 23,80 | 2,50 | 3,20 |
| Meðaltal: | | 17,00 | 3,86 | 3,81 | 8,00 | 5,47 | 24,46 | 2,38 | 3,19 |

# Skýringar

**Þungi og mál:** Þungi kg - brjóstmál cm - spjaldbreidd cm - fótleggur mm.

**Stigun:** Haus - háls og herðar - bringa og útlögur - bak - malir - læri - ull - fætur - samræmi.

**Ómmæling:** Mæling með ómsjá á þykkt bakvöðva, mm - þykkt fitu á baki, mm. (H) Hollenskt ómtæki eins og notað er hér á Suðurlandi. (S) Skoskt ómtæki — er notað t.d. á Vesturlandi og sýnir um 2 mm minni vöðvaþykkt en það hollenska. Fyrir þessum mun er leiðrétt varðandi niðurstöður úr lambhrútaskoðunum en ekki við birtingu talna úr afkvæmasýningum heima á bæjum.

**Ullarlýsing EE:** Emma Eyþórsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, hefur skoðað og gefið umsögn um ull flestra einlitra sæðingahrúta sl. haust og fylgir umsögn hennar á ull hrútanna með lýsingu.

**Lambhrútaskoðun:** Fjöldi - Þungi kg - brjóstmál cm - spjaldbreidd cm - fótleggur mm - Stig samtals - Ómvöðvi mm(leiðr.) - Ómfita mm(leiðr.)

**Gerð:** Upplýsingar um vaxtarlagsflokkun í kjötmati einstakra hrúta er umreiknað í einkunn fyrir gerð. Vaxtarlagsflokkunum er gefið eftirfarandi vægi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 6,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í R og 50% í O. Eðlilegt er að einkunn fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa og að lömbunum er slátrað í mörgum mismunandi sláturhúsum.

**Fita:** Á sama hátt og gefin er einkunn fyrir vaxtarlagsflokkun er gefin einkunn fyrir fituflokkun. Þannig fá fituflokkarnir vægistuðla á sama hátt; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Þannig snýr fitueinkunnin í raun öfugt við vaxtarlagseinkunnina, því lægri sem fitueinkunn er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika og sláturhúsum.

# Umsögn um hrúta Sauðfjársæðingastöðvar Vesturlands árið 1999 - 2000
# HYRNDIR HRÚTAR:

**Þungi og mál 1994:** 101 - 111 - 26,0 - 128.
**Stig 1994:** 7,5 - 7,5 - 8,5 - 8,5 - 8 - 16 - 8 - 8 - 8 = 80,0 stig
**Ómmæling 1993:** Vöðvi 33 mm, fita 4 mm. (S)

## Húnn

**frá Hesti, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.**

92-809



**Lýsing:** Húnn er grófhyrndur með háar herðar, víða bringu og góðar útlögur, bak og malir eru vel holdfyllt, lærvöðvinn þykkur en ekki djúpur. Fætur eru sverir og sterklegir. Húnn er bollangur og þróttlegur.
**Ullarlýsing EE:** „Mikið af gulum hárum víða í reyfinu, svört hár fundust ekki. Ullarmagn í góðu meðallagi, ullin þelmikil en toggróf."
**Reynsla:** Húnn var afkvæmaprófaður á Hesti 1993. Niðurstaðan var eftirfarandi: Læri 3,79 stig, frampartur 3,8 stig, flatarmál bakvöðva 15,38 cm², síðufita 6,92 mm, fallþungi 16,2 kg sem var 0,1 kg yfir meðaltali, 37,5% lambanna fór í úrval.

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| 165 | 104 | | | |

**Ætt:**

Húnn 92-809
- Galsi 88-929
  - Krappur 87-885 Hesli
  - 86-4891
- 86-4879
  - Þristur 83-836
  - 82-4253

FFF. Strammi 83-833 frá Hesti.

Húnn ber frjósemis-erfðavísi (Þoku-gen). Frá vorinu 1999 liggja fyrir frjósemisupplýsingar 20 dætra þar sem frjósemiserfðavísirinn kemur skýrt fram, +37 fyrir frjósemi. Húnn ber með sér erfðavísi fyrir gráum lit.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

---

**Þungi og mál 1998:** 91 - 104 - 24,0 - 122.
**Stig 1998:** 8 - 8,5 - 8,5 - 8,5 - 8,5 - 17 - 7,5 - 8 - 8 = 82,5 stig
**Ómmæling 1994:** Vöðvi 33 mm, fita 6 mm. (S)

## Njóli

**frá Hafrafellstungu I, Öxarfirði N-Þing.**

93-826



**Lýsing:** Njóli er hvítur hyrndur, fölgulur á haus og fótum. Hausinn þróttlegur, hálsinn sver og herðar breiðar og vel holdfylltar. Bringan breið og brjóstkassi sívalur og tenging við herðar gallalaus. Bakið sterkt, mala- og lærahold góð. Fótstaða gleið og fætur sverir. Njóli er harðholda, jafnvaxinn með góða bollengd.
**Ullarlýsing EE:** „Gulur á haus og fótum, gult í ull aftan til á baki og á mölum. Ullarmagn í meðallagi og togið fínt en örlar á grófum hárum í bakinu. Svört doppa í baki."
**Reynsla:** Njóli var afkvæmasýndur í Hafrafellstungu haustið 1996 og var annar í röð 5 hrúta með 126 í eink. Niðurstaðan var; ómvöðvi 24,8 mm (S), fita 3,0 mm, læri 16,6 stig, ull 7,9 stig og þungi 36,9 kg. Helstu kostir hans voru þykkur bakvöðvi (24,8 mm (S) og góð læri (16,6). Hann var einnig afkvæmasýndur haustið 1998 og var þar efstur 7 hrúta og sonur hans í öðru sæti. Niðurstaða; ómvöðvi 26,7 mm (S), fita 2,9 mm, læri 16,7 stig, gerð 8,15 stig og fallþungi 15,97 kg.
*Lambhrútaskoðun 1999: 122 - 43,9 - 82,0 - 19,0 - 113 - 80,3 - 26,42 - 3,52.*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| (410 | 99 | 67 | +11 | 108) |

**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

**Ætt:**

Njóli 93-826
- Fólii 88-911
  - Drísill 891
  - Kiða 4612
- Mjallhvít 88-937
  - Kokkur 85-870
  - Rúða 82-228

Móðir Njóla, Mjallhvít 89-937, hefur sjö sinnum verið tvílembd á átta árum m. eink. 5,4, Hún og dætur hennar hafa gefið áberandi góða flokkun hvað kjötgæði varðar. Gefur eingöngu hvítt, þar af töluvert hreinhvítt.

# Mjaldur

## frá Tóftum, Stokkseyrarhr., Árn.

93-985






MMF. Smári 78-990 frá Steinsholti.

**Pungi og mál 1994:** 86 - 108 - 26,0 - 122.
**Stig 1994:** 8 - 8,5 - 8,5 - 9,5 - 9 - 18 - 9 - 8 - 8 = 86,5 stig
**Ómmæling 1993:** Vöðvi 41 mm, fita 5 mm. (H)

**Lýsing:** Mjaldur er hvítur, hyrndur, hálsinn er sver og herðar vel holdfylltar, brjóstkassinn er sívalur, bakið er óvenju sterkt og holdfylling í baki og mölum sérlega góð. Lærvöðvinn er þykkur og djúpur.
**Ullarlýsing EE:** „Hreinhvítur og laus við svört hár. Fremur ullarmikill og togið í meðallagi gróft, aðeins grófara í síðum. Ullin fremur stutt í baki."
**Reynsla:** Mjaldur var í afkvæmaprófun haustið 1996 og var niðurstaða prófunarinnar þessi: Læri 4,4 stig, frampartur 4,2 stig, flatarmál bakvöðva 15,7 cm², síðufita 9,1 mm, fallþungi 16,0 kg. Svo sem sjá má af þessum tölum þá gefur Mjaldur mikil bakhold, frábæra afturbyggingu en full mikla fitu við mikinn fallþunga, 30,4% afkvæmanna fór í úrval. Þá er óhætt að segja að Mjaldur bætir ullargæði.
*Lambhrútaskoðun 1999: 176 - 44,3 - 82,4 - 19,5 - 111 - 81,0 - 26,60 - 3,62.*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| 1000 | 101 | 161 | -5 | 95 |

Undanfarin ár hafa mörg stórálitleg hrútsefni komið fram undan Mjaldri í lambhrútaskoðunum. Nú þegar liggja fyrir allmiklar dætraupplýsingar fyrir Mjaldur og er greinilegt að frjósemi þeirra er undir meðallagi. Mjaldur gefur eingöngu hvítt, þar af töluvert hreinhvítt.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Áhættuarfgerð.

# Moli

### frá Efri-Gegnishólum, Gaulverjabæjarhreppi, Árn.

**Þungi og mál 1995:** 94 - 108 - 26,0 - 122
**Stig 1995:** 8,5 - 8 - 9 - 9,5 - 8,5 - 17,5 - 8 - 8,5 - 8 = 85,5 stig
**Ómmæling 1995:** Vöðvi 43 mm (H)

**Lýsing:** Moli er hvítur, hyrndur, með þróttlegan haus vel holdfylltar herðar og sérlega víða bringu. Bakið er mjög sterkt, malir vel holdfylltar og lærvöðvinn er þykkur og djúpur. Fætur eru sterklegir og fótstaða góð. Moli er fremur fínbyggð glæsikind.
**Ullarlýsing EE:** „Gulur í hnakka og á rófu og gult í ull á mölum en ekki áberandi gult annars staðar. Svartar doppur í baki. Fremur ullarstuttur í baki og magn tæplega í meðallagi en togið fínt.“
**Reynsla:** Ekki er komin mikil reynsla á Mola sem ærföður en hann fékk sérlega glæsilega útkomu í afkvæmarannsókn Sauðfjársæðingastöðvar Suðurlands haustið 1997 og var niðurstaðan þessi (leiðr. að meðalfallþunga 16,55 kg):

| | fj. | Læra-stig | Framp. stig | Bakv. þykkt | Vöðva-hlutfall | Fituþ. á baki | Fitu-hlutf. | Fallþ. kg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Moli 93-986 | 20 | 4,31 | 4,52 | 27,7 | 61,9% | 2,2 | 22,9% | 17,00 |
| Meðaltal | 84 | 4,09 | | 25,9 | 60,4% | 2,5 | 24,2% | 16,55 |

Flokkun: 25% DIÚ, 65% DIA,

Fjöldi lamba hefur komið til skoðunar undan Mola síðustu haust og síðustu tvö haust hafa margir glæsilegir veturgamlir hrútar undan honum verið á sýningum. Í haust voru skoðaðir 242 lambhrútar undan honum og er einkennandi fyrir þá geysimiklar útlögur og afbragðs bak-, mala- og lærahold. Meðalvöðvaþykkt lambhrúta undan Mola í haust var 28,4 mm (H) og voru mörg stórglæsileg hrútsefni meðal þeirra.
*Lambhrútaskoðun 1999: 242 - 45,5 - 82,4 - 19,1 - 111 - 81,6 - 27,46 -3,08.*







**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| 1181 | 103 | 97 | 0 | 102 |

Frjósemisupplýsingar dætra frá vorinu 1999 koma fremur neikvætt út. Það er ljóst að Moli er nú þegar farinn að hafa umtalsverð áhrif á fjárræktina á Suðurlandi og þau eiga án efa eftir að aukast með sonum hans sem eru orðnir allmargir.
**Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

# Mjölnir

**frá Svínafelli í Öræfum, A-Skaft.**

**Þungi og mál 1995:** 69 - 95 - 25,0 - 115
**Stig 1995:** 8 - 8,5 - 8,5 - 8,5 - 8,5 - 17,5 - 8* - 8 - 8 = 83,5 stig
**Ómmæling 1995:** Vöðvi 32 mm, fita 5 mm. (H)
* breytt 1999

**Lýsing:** Mjölnir er hreinhvítur, hyrndur með þróttlegan haus. Hálsinn er stuttur og sver með góða tengingu við herðar sem eru ágætlega holdfylltar en fremur háar. Brjóstkassi er sívalur og bakið sterkt. Malir eru breiðar og vel holdfylltar, lærvöðvi er þykkur og lokar vel klofi. Bollengd er í tæpu meðallagi, fætur réttir, sterklegir og fótstaða gleið. Mjölnir er jafnvaxinn og þéttholda hrútur.
**Ullarlýsing EE:** „Hreinhvítur, fremur ullarmikill með þykkt og jafnt þel. Togið fremur stutt og allhrokkið, yfirleitt fínt en heldur grófara í baki og á mölum. Engin svört hár fundust í ull."
**Reynsla:** Upplýsingar úr kjötmati 1998 eru mjög jákvæðar eða 8,14 fyrir gerð og 5,27 fyrir fitu, fallþungi 13,6 kg. Kynbótamat: Gerð 136 - fita 85.




**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| (197 | 101 | 27 | +4 | 103) |




MMF. Kokkur 85-870 frá Hesti.

Móðir Mjölnis, Elfa 91-264, ávallt tvílembd utan tvisvar sinnum, þá sædd. Einkunn 6,0 fyrir 7 afurðaár. Dætur Mjölnis virðast ætla að verða bæði frjósamar og mjólkurlagnar.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Áhættuarfgerð.

---

# Prúður

**frá Lækjarhúsum, Suðursveit, A-Skaft.**
**(Keyptur frá Brunnavöllum, A-Skaft.)**

**Þungi og mál 1995:** 81 - 96 - 25,0 - 119
**Stig 1995:** 8 - 8 - 8,5 - 8,5 - 18 - 7 - 8 - 8 =82,0 stig
**Ómmæling 1995:** Vöðvi 30 mm, fita 3 mm (H)

**Lýsing:** Prúður er hvítur (gulur), fínhyrndur. Hausinn er þróttlegur, háls stuttur og sver og vel tengdur við fremur háar herðar en þokkalega holdfylltar. Bringa og útlögur í góðu meðallagi, bak breitt, sterkt og vöðvi vel lagaður. Malir breiðar og vel holdfylltar. Lærahold eru frábær og lokar vöðvinn klofi mjög vel. Fætur eru réttir og sterklegir. Prúður er afar sterk og hraustleg kind og höfðinglegur á velli. Hann er með sérlega öflugan afturpart en því miður gallaður á ull.
**Ullarlýsing EE:** „Fölgulur á haus og fótum, gul hár hér og þar í reyfinu, sérstaklega að aftanverðu. Engin svört hár fundust í ull. Ullarmagn í tæpu meðallagi og reyfið heldur þunnt á baki. Togið liðað en fremur gróft um allt reyfi. Togið stutt í baki."
**Reynsla:** Prúður hefur vakið athygli fyrir frábæra flokkun sláturlamba og upplýsingar úr kjötmati 1998 (54 lömb) voru á sömu lund eða 8,44 fyrir gerð og 5,69 fyrir fitu, fallþungi 15,7 kg. Kynbótamat: Gerð 104 - fita 99.




**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| (213 | 105 | 32 | +8 | 106) |




MMF. Sólon 84-867

Dætur Prúðs eru ákaflega föngulegar ær og ekki áberandi gular þrátt fyrir þann ullargalla í honum sjálfum.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

# Ljóri

## frá Þóroddsstöðum, Hrútafirði, V-Hún.



95-828

**Ætt:**

Ljóri 95-828
- Hörvi 92-972
  - Krappur 87-885 Hesti
  - 89-5456
- 89-959
  - Brjánn 84-051
  - 86-652

MMF. Stakkur 79-975 frá Berghyl.

Ljóri vakti athygli fyrir góða flokkun sláturlamba. Móðir Ljóra, 89-959, var alltaf tvílembd nema einu sinni úr sæðingum og sem gemlingur. Einkunn 6,8 fyrir 8 afurðaár. Afkvæmi hans eru vel hvít (ekki hreinhvít) en með svartar klaufir og dökkar granir. Svolítið ber á dröfnum á haus. Öll lömb undan honum hafa verið hvít.

**Þungi og mál 1998:** 89 - 101 - 25,0 - 119
**Stig 1998:** 8 - 8 - 7,5 - 9 - 8,5 - 17,5 - 8 - 8 - 8 =82,5 stig
**Ómmæling 1995:** Vöðvi 26 mm, fita 2 mm (S)

**Lýsing:** Ljóri er hyrndur hvítur, bjartur á haus en ekki laus við gulku á skæklum. Haus hörkulegur, hálsinn sver og herðar breiðar, en slöður aftan við bóga. Bakið holdgróið. Mala- og lærahold ágæt. Fótstaða gleið, fætur grannir en réttir. Ljóri er harðholda og skapharður með sterka kjötgæðaeiginleika.
**Ullarlýsing EE:** „Gulur á fótum og nokkuð um gul hár í ull en ekki mjög áberandi. Svört doppa í hnakka en engin svört hár fundust í ullinni. Ullarmagn í góðu meðallagi, ullin jöfn um allt reyfi og togið í meðallagi gróft."
**Reynsla:** Ljóri er margafkvæmasýndur - fyrst með hrútlömbum á Þóroddsstöðum haustið 1996 og stóð þar langefstur 6 hrúta með 132,1 í eink. Hann gaf langþykkasta bakvöðvann (27,0 mm (S), næst minnstu fituna (2,1 mm), læri á meðaltali (16,2) en bestu ullina (8,1). Afkvæmi hans voru vel hvít með all góða ull, jöfn að gerð og flokkuðust áberandi vel í sláturhúsi. Hann var einnig afkvæmasýndur haustin 1997 og 1998 og hlaut þá eftirfarandi dóma:
1997: Ómvöðvi 25,3 mm (S), fita 1,9 mm, læri 16,2 stig, ull 8,0 stig og þungi 40,7 kg.
1998: Ómvöðvi 25,0 mm (S), fita 2,2 mm, læri 16,5 stig, gerð 7,00 og fallþungi 16,42 kg.
*Lambhrútaskoðun 1999: 137 - 46,8 - 83,1 - 19,4 - 111 - 80,3 - 25,56 - 2,89.*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| (127 | 104 | 40 | +3 | 105) |

Ekki er ráðlegt að nota Ljóra nema þar sem vænleiki er yfir meðallagi, því ella ná lömbin vart nægri holdfyllingu og þroska. Þar sem hann gefur mjög fitulítil lömb, nýtur hann sín best þar sem vandamál hafa verið með fitufellingu.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

# Bambi

## frá Hafrafellstungu I, Öxarfirði, N-Þing.



95-829

**Ætt:**

Bambi 95 829
- Stikill 91-970
  - Hjörr 86-870 Hesti
  - 89-5418
- Askja 86-638
  - Lurkur 85-775
  - Katla 82-233

MFF. Laukur 79-983.

**Þungi og mál 1996:** 86 - 104 - 25,0 - 124
**Stig 1996:** 8 - 8,5 - 8,5 - 8,5 - 8,5 - 16,5 - 7,5 - 8 - 7,5 = 81,5 stig
**Ómmæling 1996:** Vöðvi 29 mm (S)

**Lýsing:** Bambi er hyrndur, dökkmórauður. Haus fríður, háls og herðar vel holdfylltar. Brjóstkassi fremur þröngur. Bak-, mala- og lærahold allgóð. Fótstaða gleið og fætur réttir. Bambi er allvel gerð mórauð kind og áberandi ljúfur í skapi.
**Ullarlýsing EE:** „Ullin þokkalega dökkmórauð og jöfn en töluvert af gráum toghárum, sérstaklega aftan til í reyfinu. Togið dálítið misgróft en þelið mjög mjúkt. Ullarmagn í tæpu meðallagi."
**Reynsla:** Bambi var afkvæmasýndur á Hóli á Melrakkasléttu 1998 og var 4. í röð 5 hrúta með þessa niðurstöðu; ómvöðvi 25,6 mm (H), fita 3,2 mm, læri 15,8 stig, gerð 6,65 og fallþungi 16,12 kg. Reyndist hann í flestum eiginleikum á meðaltali nema hann gaf heldur feitari föll ef eitthvað var.
*Lambhrútaskoðun 1999: 71 - 47,5 - 82,9 - 19,0 - 114 - 79,2 - 24,59 - 3,57.*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| (76 | 102 | 11 | +4 | 101) |

Móðir Bamba var alltaf tvílembd með 7,3 í afurðaeinkunn. Bambi er eingöngu á stöð vegna litar og ætti sem slíkur að reynast kynbótahrútur í mislita stofninum.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

# Sunni

**frá Sveinungsvík, Svalbarðshreppi, N-Þing.**

**Þungi og mál 1998:** 94 - 104 - 23,5 - 120
**Stig 1998:** 8 - 8,5 - 8 - 9 - 8,5 - 17 - 7,5 - 8 - 7,5 = 82,0 stig
**Ómmæling 1997:** Vöðvi 35 mm, fita 2 mm (H)

**Lýsing:** Sunni er hvítur, krapphyrndur. Haus fremur grannur en hornin sver, háls og herðar vel holdfylltar, útlögur í meðallagi, bak ekki breitt en holdgróið, mala- og lærahold góð. Fætur fremur grannir en réttir. Sunni er smágerð kind með áberandi sterkt bak en fremur bolstuttur.
**Ullarlýsing EE:** „Gulur á haus og fótum og ullin gul víða í reyfinu. Ullin í meðallagi mikil og þokkalega togfín. Ullarstuttur í baki. Svört hár fundust ekki."
**Reynsla:** Sunni var sýndur með afkvæmum í Sveinungsvík haustið 1997 og stóð langefstur 4ra hrúta með 136,8 í eink. Hann gaf mjög þykkan bakvöðva og góð lærahold; ómvöðvi 26,5 mm (H), fita 2,6 mm, læri 16,7 stig, ull 7,9 stig og þungi 35,1 kg. Hann var einnig afkæmasýndur í Sveinungsvík 1998 og stóð þá efstur 6 hrúta með 120,3 í heildareinkunn (144,6 fyrir ómmælingar og 96,7 fyrir sláturlömb), gaf hann áberandi þykkan bakvöðva; ómvöðvi 27,5 mm (H), fita 2,8 mm, læri 16,2 stig, gerð 8,41 og fallþungi 16,41 kg.
*Lambhrútaskoðun 1999: 125 - 45,2 - 82,5 - 19,1 - 112 - 80,3 - 26,73 - 3,45.*




**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | DÆTUR Frjósemi | Einkunn |
|---|---|---|---|---|
| (102 | 99 | 5 | 0 | 98) |

Flokkun í sláturhúsi hefur verið einstaklega góð. Undan Sunna hefur ekki komið mislitt lamb.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

***Ætt:***

- Sunni 96-830
  - Ólsen 95-590
    - Gosi 91-945
    - Spökka 88-838
  - Ófeig 90-021
    - Jón Páll 89-455
    - (autt)

MFF. Aron 83-825 frá Hesti.

---

# Askur

**frá Svínafelli I, Öræfum, A-Skaft.**
**(Keyptur frá Hnappavöllum V, A-Skaft).**

**Þungi og mál 1998:** 83 - 100 - 23,0 - 115
**Stig 1998:** 8 - 8,5 - 8,5 - 8 - 8 - 17,5 - 7,5 - 8 - 8 = 82,0 stig
**Ómmæling 1999:** Vöðvi 32 mm, fita 6 mm (S)

**Lýsing:** Askur er hvítur vel hyrndur með fríðan haus. Hálsinn er stuttur og sver, herðar breiðar og vel holdfylltar. Bringa framstæð og breið og útlögur hvelfdar. Bak sterkt og holdugt með vel lagaðan vöðva. Malir breiðar og vel holdgrónar. Lærvöðvinn er sérlega þykkur og vel lagaður. Fætur réttir og fótstaða góð. Askur er ákaflega jafnvaxinn og þéttholda hvar sem á hann er litið. Hann er auk þess mjög prúður á velli og rólegur í umgengni.
**Ullarlýsing EE:** „Fölgulur á haus og fótum, gul hár hér og þar í reyfinu, sérstaklega að aftanverðu. Engin svört hár fundust í ull. Ullarmagn í tæpu meðallagi og reyfið heldur þunnt á baki. Togið liðað en fremur gróft um allt reyfi. Togið stutt í baki."
**Reynsla:** Kjötmatsupplýsingar frá haustinu 1998 (23 lömb) sýna að Askur gefur góða flokkun; 9,83 fyrir gerð, 6,61 fyrir fitu, fallþungi 16,8 kg.
Kynbótamat: Gerð 116 - fita 99.




**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | DÆTUR Frjósemi | Einkunn |
|---|---|---|---|---|
| (23 | 98) | | | |

Móðir Asks, Hefring 94-400, hefur alltaf verið tvílembd utan gemlingsárið, alltaf svömpuð og sædd. Hún er mikil hrútamóðir í Öræfum og hefur átt sjö hrúta sem allir hafa verið settir á. Einkunn 9,3 fyrir 4 afurðaár.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits**: Hlutlaus.

***Ætt:***

- Askur 97-835
  - Bútur 93-9[illegible]
    - Keli 89-955
    - 85-821
  - Hefring 94-400
    - Þéttir 91-931
    - Flyðra 85-021

# Sekkur

**frá Hesti, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.**



97-836

**Ætt:**

- Sekkur 97-836
  - Posi 96-032 Hesti
    - Kyllir 93-991 Hesti
    - 92-788
  - 92-5861
    - Stikill 91-970 Hesti
    - 85-821

Vantar ullarlýsingu

**Þungi og mál 1998:** 86 - 105 - 24,5 - 120
**Stig 1998:** 8 - 8 - 9 - 8,5 - 8,5 - 17 - 7,5 - 8 - 8 = 82,5 stig
**Ómmæling 1998:** Vöðvi 31 mm (S)

**Lýsing:** Sekkur er hvítur fremur grófhyrndur með þróttlegan haus. Háls er stuttur og þykkur, í herðum vottar fyrir grófleika en bringa er breið og brjóstkassi mjög vel hvelfdur. Bak er breitt, kúpt og vel holdfyllt (lögun 4). Malir ágætlaga breiðar og holdfylltar og lærahold mjög góð. Fætur eru réttir og fótstaða góð. Sekkur samsvarar sér vel, er sterklegur og fallegur á velli með góða bollengd.

**Reynsla:** Sekkur var í afkvæmarannsókn á Hesti 1998 og var niðurstaðan þannig:

| | fj. | Lærastig | Framp. stig | Síðufita | Bakv. þykkt | Vöðvahlutfall | Fituþ. á baki | Fituhlutf. | Fallþ. kg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sekkur 97-836 | 14 | 4,05 | 4,02 | 7.98 | 25,1 | 61,7% | 3,4 | 23,0% | 16,05 |
| Meðaltal | 178 | 3,88 | 3,89 | 7,88 | 24,0 | 61,0% | 3,0 | 23,1% | 15,81 |

Gerð: 7,51. Fita: 5,95.

Afkvæmi Sekks eru yfirleitt lágfætt, jafn- og þykkvaxin með ágæt lærahold og góða bakvöðvalögun, en hann stigaðist upp á 4 fyrir lögun bakvöðva en meðaltalið var 3,5.

Nú í haust voru mældir undan Sekk, nokkrir mjög álitlegir lambhrútar á Hesti og var bakvöðvinn áberandi þykkur og vel lagaður. Flokkun sláturlamba var jafnframt góð eins og síðasta ár. Sekkur er einn álitlegasti kynbótahrúturinn sem komið hefur fram á Hesti nú allra síðustu ár.

Móðir Sekks er gríðar skrokkmikil og falleg ær, hún bar einu lambi sem lambgimbur og síðan verið fjórum sinnum tvílembd, einu sinni þrílembd og einu sinni einlembd. Hún er yfir meðallagi í afurðaeinkunn á búinu. Sekkur gefur dökka liti.

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

# Austri

**frá Freyshólum, Vallahreppi, S-Múl.**



98-831

**Ætt:**

- Austri 98-831
  - Hnoðri 95-801
    - Steri 92-323 Heydalsá
    - 89-502
  - 96-389
    - Hrói 95-387 Kállanesi
    - 94-354

FFF. Krákur 87-920 frá Hesti. MM. 94-354 var alsystir Nóa 94-995.

**Þungi og mál 1999:** 77 - 98 - 22 - 124
**Stig 1999:** 8 - 7,5 - 8,5 - 7,5 - 8,5 - 16,5 - 8,5 - 8 - 8 = 81,0 stig
**Ómmæling 1999:** Vöðvi 24 mm, fita 4 mm (S) og lögun 3.

**Lýsing:** Austri er hreinhvítur og vel hyrndur. Haus er í meðallagi og háls stuttur og sver og tengist vel herðum sem eru aðeins hrjúfar. Útlögur eru fremur góðar með ágætri hvelfingu en bakhold hins vegar ekki nægjanlega mikil. Malir breiðar, fremur stuttar og holdugar. Lærvöðvi er vel lagaður og lokar vel klofi en mætti vera þykkari. Fætur eru fremur grannir en réttir og fótstaða sérlega gleið að aftan. Austri er fyrst og fremst á sæðingastöð vegna ullareiginleika.

**Ullarlýsing EE:** „Hreinhvítur. Heldur ullarstuttur í baki, hlutföll togs og þels annars góð og ullarmagn í góðu meðallagi. Engin svört hár.“

**Reynsla:** Austri er fæddur einlembingur og fyrsta lamb móður sinnar. Móðir hans er hins vegar af mjög frjósömu og afurðasömu kyni. Auk þess að vera af hinum þekkta Skriðuklaustursstofni sem hefur verið í einangrun á Freyshólum undanfarin ár vegna afburða ullareiginleika. Austri gefur illa gul lömb utan þau sem ekki eru hreinhvít.

*Lambhrútaskoðun 1999: 148 - 45,5 - 82,4 - 19,4 - 114 - 80,6 - 26,24 - 3,56.*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Verndandi.

## Umsögn um hrúta Sauðfjársæðingastöðvar Vesturlands árið 1999 - 2000

**Þungi og mál 1999:** 78 - 100 - 23,0 - 124.
**Stig 1999:** 8 - 8 - 8 - 8 - 8,5 - 16,5 - 9 - 8 - 8 = 82,0 stig.
**Ómmæling 1999:** Vöðvi 27 mm, fita 6 mm (S) og 3 í lögun.

# Freyr

**frá Freyshólum, Vallahreppi, S-Múl.**


98-832

**Lýsing:** Freyr er hreinhvítur, gleiðhyrndur með féskúf. Hausinn er fremur grannur en fríður. Háls er þykkur og allgóð holdfylling um herðar, bringa breið og allgóðar útlögur. Bakhold í góðu meðallagi og malir fremur langar og þokkalega holdfylltar. Lærvöðvi fyllir vel upp í krika en mætti vera þykkari niður á læri. Freyr er kviðléttur og samsvarar sér vel en í ullinni liggja hans mestu kostir.
**Ullarlýsing EE:** „Hreinhvítur. Ullin að verða heldur togstutt í baki og togið grófara þar en annars staðar. Annars togmikil ull en ullin ekki meiri en í meðallagi að magni. Ullin með sérlega góðan gljáa og reyfið jafnt. Engin svört hár."
**Reynsla:** Engin reynsla er að sjálfsögðu af Frey en móðir hans er bæði frjósöm og mjólkurlagin. Auk þess að er hún af hinum þekkta Skriðuklaustursstofni sem hefur verið í einangrun á Freyshólum undanfarin ár vegna afburða ullareiginleika.
*Lambhrútaskoðun 1999: 73 - 42,3 - 81,3 - 18,9 - 112 - 80,0 - 26,04 - 3,54.*

**Ætt:**
Freyr 98-832
Mjaldur 93-985 | 94-371
Þéttir 91-931 | Hringja 91-123 | Kam 93-381 | 88-174

**Arfgerðargreining v/ riðusmits**: Áhættuarfgerð.

## Umsögn um hrúta Sauðfjársæðingastöðvar Vesturlands árið 1999 - 2000
## KOLLÓTTIR HRÚTAR

**Þungi og mál 1993:** 89 - 107 - 27 - 119

**Ómmæling 1993:** Vöðvi 32 mm, fita 6 mm (H)

# Flekkur

**frá Stóru-Mörk, Vestur-Eyjafjallahr. Rang.**


89-965

**Lýsing:** Flekkur er hreinkollóttur, svartflekkóttur að lit, Hann er með þróttlegan haus, sveran háls og vel holdfylltar herðar. Bringan er breið og útlögur allgóðar, bakið er breitt, sterkt og allvel holdfyllt. Malir eru holdgrónar og lærvöðvinn sérlega djúpur og vel þroskaður. Fætur eru sterkir og fótstaða góð. Flekkur er langur, lágfættur og með mjög öflugan afturpart.
**Reynsla:** Flekkur var afkvæmaprófaður veturgamall og hlaut hann þá í einkunn fyrir kjötgæði 108, lærastig voru 3,9 og síðufita 6,9 mm og hafði hann mikla yfirburði yfir þá fimm hrúta sem í afkvæmaprófuninni voru.
*Lambhrútaskoðun 1999: 113 - 46,5 - 82,8 - 19,5 - 113 - 78,9 - 23,99 - 3,90.*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| 781 | 101 | 177 | +15 | 113 |

**Ætt:**
Flekkur 89-965
Broddi 85-892 | Hálsa 81-301
Kjarni 79-466 Skarðshlíð | Bylgja 82-387 | Hjalli 75-954 | Kinna 77-224

Dætur Flekks hafa reynst frjósamar auk þess sem hann hlýtur 101 í einkunn fyrir 781 lamb. Það er því óhætt að segja að mikil og góð reynsla sé komin á Flekk sem kynbótahrút. Móðir Flekks, Hálsa 81-301, varð 10 vetra og alltaf tvílembd með 6,4 í afurðaeinkunn. Flekkur gefur, svart, svarflekkótt og hreinhvítt.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

# Héli

**frá Ósabakka, Skeiðahreppi, Árn.**
**(Keyptur frá Reykjahlíð, Skeiðahr.)**



93-805

**Ætt:**

Héli 93-805
- Valur 90-934
  - Fálki 86-072
  - 86-936
- Setta 89-294
  - Hroddi 85-892
  - Steðja 80-091

**Þungi og mál 1994:** 86 - 110 - 23,7 - 124
**Stig 1994:** 8,5 - 8 - 8,5 - 8,5 - 8,5 - 16,5 - 7,5 - 8 - 8 = 82,0 stig.
**Ómmæling 1994:** Vöðvi 36 mm, fita 5 mm (H)

**Lýsing:** Héli er hreinkollóttur, svartur að lit. Hann er bollangur, með vel holdfylltar herðar og víða bringu, bakhold eru öflug, malir vel holdfylltar og lærvöðvinn djúpur og þykkur. Fætur eru sterklegir og fótstaða góð.
**Ullarlýsing EE:** „Ullarmikill með ágæta og gljáandi svarta ull, laus við grá hár en örlítið móleitur á herðum."
**Reynsla:** Héli var í afkvæmarannsókn hjá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands haustið 1998:

| | fj. | Lærastig | Framp. stig | Bakv. þykkt | Vöðvahlutfall | Fituþ. á baki | Fituhlutf. | Fallþ. kg. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Héli 93-805 | 13 | 3,98 | 3,98 | 25,7 | 61,7% | 2,4 | 22,3% | 16,32 |
| Meðaltal | 40 | 4,04 | 3,97 | 25,4 | 60,9% | 2,6 | 23,2% | 16,41 |

Vaxtarlagsflokkun: 8% U, 62% R, 30% O. Fituflokkun: 85% 2, 7,5% 3, 7,5% 3+.
*Lambhrútaskoðun 1999: 21 - 48,4 - 82,9 - 19,0 - 113 - 80,8 - 24,31 - 3,52.*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi** | **Einkunn** | **Afurðaár** | **Frjósemi** | **Einkunn** |
| 80 | 104 | (20 | +14 | 112) |

Ljóst að hann gefur mjög þroskamikil lömb og hann hefur gefið talsvert í úrval samkv. gamla kjötmatinu og U í því nýja. Fyrstu tölur um frjósemi dætra eru mjög jákvæðar og til viðbótar upplýsingum úr heimafélagi eru 20 (gemlingar) dætur frá í vor með +25 í frjósemi. Héli gefur alla liti.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Vantar.

# Atrix

**frá Melum I, Árneshreppi, Strandas.**
**(Keyptur frá Broddanesi, Broddaneshr.)**



94-824

**Ætt:**

Atrix 94-824
- Nökkvi 91-665
  - Spakur 90-641
  - Pía 83-385
- Svala 91-803
  - Dagur 88-575
  - Njála 88-635

**Þungi og mál 1996:** 97 - 108 - 24,0 - 120
**Stig 1996:** 8 - 8,5 - 9 - 8,5 - 9,5 - 18,5 - 8 - 8 - 7,5 = 85,5 stig.
**Ómmæling 1996:** Vöðvi 31 mm, fita 9 mm (S)

**Lýsing:** Atrix er hvítur, kollóttur, bjartur á haus. Hausinn er fríður, í meðallagi sver. Háls fremur stuttur, herðar í meðallagi holdfylltar og brjóstkassinn sívalur. Bak ekki breitt en holdgott, malir breiðar og holdgrónar og lærahold frábær. Fætur eru réttir og fótstaða ágæt. Atrix er jafnvaxin, fríð kind með framúrskarandi afturpart.
**Ullarlýsing EE:** „Hvítur á haus en gulur á hæklum, gul hár í ull á mölum en ullin annars laus við gul hár. Engin svört hár fundust. Ullarmagn í meðallagi en ullin stutt í bakinu og togið gróft á herðum."
**Reynsla:** Flokkun í sláturhúsi mjög góð og erfist þar góð gerð greinilega.
*Lambhrútaskoðun 1999: 119 - 46,9 - 82,2 - 19,6 - 115 - 79,7 - 25,50 - 3,53.*

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi** | **Einkunn** | **Afurðaár** | **Frjósemi** | **Einkunn** |
| 224 | 101 | 89 | -11 | 91 |

Dætur eru ágætlega mjólkurlagnar en því miður eru sterkar vísbendingar um laka frjósemi dætra. Atrix gefur mislitt, flekkótt og hreinhvítt.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

**Þungi og mál 1997:** 95 - 110 - 25,0 - 124
**Stig 1997:** 8 - 8,5 - 8 - 9 - 8,5 - 17 - 8,5* - 8 - 8,5 = 84,0 stig.
**Ómmæling 1997:** Vöðvi 32 mm (S) * Breytt 1999

# Hnoðri

## frá Smáhömrum, Kirkjubólshr., Strandasýslu.

**Lýsing:** Hnoðri er hreinhvítur kollóttur með þróttlegan haus og hörkulegan svip. Hálsinn er þykkur með góða tengingu við breiðar herðar en örlitla fyllingu vantar aftan við bóga. Bringa breið og útlögur góðar. Bak er breitt, sterkt og vel holdfyllt. Malir breiðar og ágætlega vöðvafylltar. Lærvöðvi er þykkur, breiður og vel lagaður. Fætur réttir og fótstaða góð. Hnoðri er mjög bollangur og sterklegur hrútur.
**Ullarlýsing EE:** „Hreinhvítur og engin svört hár fundust í ullinni. Ullarmagn í góðu meðallagi, þelið fremur þykkt, togið fremur fínt og þokkalega jafnt. Ullin heldur stutt í baki. Góður gljái."
**Reynsla:** Hnoðri var í afkvæmarannsókn á Smáhömrum 1997 og dæmdist þannig; fita 7,3 mm, lærastig 3,5 og fallþungi 18,9 kg. Einkunn fyrir þunga 101,5 og 102,9 fyrir kjötgæði. Hnoðri var einnig í afkvæmasýningu á Smáhömrum 1998 með eftirfarandi niðurstöðu; ómvöðvi 23,1 mm (S), fita 3,8 mm, læri 16,1 stig, gerð 7,81 stig, fita 6,56 stig og fallþungi 18,23 kg. Kjötmatsupplýsingar frá haustinu 1998 (16 lömb) gefa 7,81 fyrir gerð og 6,61 fyrir fitu, fallþungi 18,2 kg.




**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| (50 | 102 | 6 | -8 | 98) |

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

**Ætt:**

- Hnoðri 96-837
  - Hrekkur 91-341 (Hróðfá)
    - Styggur 90-283
    - Brúska 278
  - 92-685
    - Goði 91-357
    - 88-403

Móðir Hnoðra, 92-685, alltaf tvílembd utan gemlingsárið, einkunn 6,4 fyrir 6 afurðaár. Hnoðra ætti frekar að nota þar sem vænleiki lamba er yfir meðallagi.

---

**Þungi og mál 1998:** 84 - 106 - 24,0 - 123
**Stig 1998:** 8 - 8 - 8 - 8,5 - 8,5 - 17 - 8,5 - 8 - 8 = 82,5 stig.
**Ómmæling 1998:** Vöðvi 31 mm (S)

# Dalur

## frá Heydalsá (B.G.) Kirkjubólshr., Strandas.
**(Keyptur frá Gröf, Broddaneshr.)**

**Lýsing:** Dalur er hreinhvítur, kollóttur með sveran og svipfríðan haus. Háls er stuttur og þykkur, herðar breiðar og vel holdfylltar. Bringa er í meðallagi en brjóstkassi vel hvelfdur. Bak er breitt, fremur flatt, vel lagað og holdfyllt. Malir ekki langar en breiðar og mjög vel holdfylltar. Lærvöðvi ágætlega lagaður og þykkur. Fætur réttir og fótstaða góð. Dalur er ekki bollangur en kviðléttur og samsvarar sér ágætlega, hann er jafnholda, ákaflega prúður á velli og einstaklega gæfur.
**Ullarlýsing EE:** „Hreinhvítur, ullarmikill með mjög þykkt þel og mikið reyfi. Góður gljái. Togið meðalgróft og fremur jafnt um allt reyfi, hvergi óhóflega langt eða gróft. Svört hár fundust ekki."
**Reynsla:** Dalur stóð efstur í afkvæmarannsókn í Gröf 1998 og var niðurstaðan þannig; ómvöðvi 22,7 mm (S), fita 2,9 mm, læri 16,0 stig, gerð 6,88 stig, fita 5,88 stig og fallþungi 17,89 kg.
Kjötmat 22 lamba 1998 gaf 7,32 fyrir gerð og 5,64 fyrir fitu, fallþungi 17,2 kg.




**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| (34 | 98) | | | |

Móðir Dals, 92-134, alltaf tvílembd nema gemlingsárið, einkunn 8,6 fyrir 4 afurðaár.
Dalur er einstaklega gæfur og rólegur og kemur það mjög vel fram í afkvæmum hans.
**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

**Ætt:**

- Dalur 97-838
  - Þyrill 94-399
    - Viðar 93-362
    - 87-457
  - 92-134
    - Safír 91-252
    - 80-039

# Klængur

**frá Heydalsá 1, Kirkjubólshr., Strandas.**
(Keyptur frá Heydalsá 2.)




**Ætt:**

- 97-839
  - Þyrill 94-399
    - Viðar 93-962
    - 87-457
  - 92-115
    - Valur 90-934
    - 85-887

**Þungi og mál 1998:** 86 - 106 - 24,0 - 123
**Stig 1998:** 8 - 8 - 8,5 - 8 - 8 - 17,5* - 7,5 - 8 - 8,5 = 82,0 stig.
**Ómmæling 1998:** Vöðvi 29 mm (S) * Breytt 1999

Lýsing: Klængur er hvítur, kollóttur með þróttlegan haus. Frambygging er feikilega mikil og öflug með breiðar holdfyllt-ar herðar og miklar útlögur. Bak er breitt og sterkt og nokkuð vel holdfyllt, malir ágætlega vöðvafylltar. Lærahold feikigóð með breiðum, þykkum og vel löguðum vöðva. Fætur eru sverir og fótstaða góð. Klængur er vel bollangur, prúður og fallegur á velli og rólegur í umgengni.

Ullarlýsing EE: "Gulur á haus og fótum og ullin með gulum hárum um allt reyfið. Hrúturinn er ullarmikill, þelið þykkt og togið fremur fínt og ekki langt. Reyfið þokkalega jafnt. Svört hár fundust ekki."

Reynsla: Klængur var í afkvæmasýningu á Heydalsá 2 haustið 1998; ómvöðvi 23,8 mm (S), fita 3,6 mm, læri 17,3 stig, gerð 8,43 stig, fita 7,00 stig og fallþungi 16,36 kg.
Í kjötmati 1998 (14 lömb) fær hann 8,64 fyrir gerð og 6,79 fyrir fitu, fallþungi 16,3 kg.

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |
| (29 | 98) | | | |

Móðir Klængs, 92-115, tvílembd utan einu sinni auk gemlingsársins. Einkunn 7,1 fyrir 3 afurðaár. Klængur gefur mislitt, þar á meðal mórautt.

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Hlutlaus.

## FORYSTUHRÚTUR

# Prestur

**frá Bakka, Bakkafirði.**
(Keyptur á stöð frá Tunguseli N-Þing.)




**Ætt:**

- Prestur 94-823
  - Greifi
    - Glæsir, Gunnarstöðum
    - Surtla
  - Mókolla
    - Móglæsir, Vopnafirði
    - Svört, Gunnarstöðum

**Þungi og mál**
**Stig**
**Ómmæling**

Lýsing: Prestur er svartur hyrndur með hvítan kraga. Hann er háfættur og hár á herðar. Einstaklega rólegur en vakandi. Þægilegur í umgengi og leiðist vel sem meðal annars bendir til þess að hann hafi gott vit. Prestur er af norðaustlensku forystufé langt aftur í ættir.

**Úr skýrslum fjárræktarfél.** (tölur í sviga úr heimafélagi)

| LÖMB | | | DÆTUR | |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi | Einkunn | Afurðaár | Frjósemi | Einkunn |

**Arfgerðargreining v/ riðusmits:** Áhættuarfgerð.

# TIL MINNIS

# TIL MINNIS

# TIL MINNIS

# Sauðfjárslátrun 1999

## Þríhyrningur hf. gerir ráð fyrir að slátra u.þ.b. 55.000 fjár á tímabilinu júlí — desember 1999.

Þríhyrningur hf. tók við rekstri sláturhúss KASK á Hornafirði þann 1. september en það er eitt af 4 sláturhúsum með ESB leyfi. Þríhyrningur hf. mun greiða bændum a.m.k. sömu verð og ESB húsin greiða fyrir útflutningskjötið, en það er 10 — 20 kr./kg hærra verð en flestir aðrir bjóða. Greiðslur fyrir útflutningskjötið verða í tvennu lagi, helmingur í lok desember og lokagreiðsla í lok mars 2000.



Þríhyrningur hf. er góður valkostur og er óskað eftir áframhaldandi góðu samstarfi við sauðfjárbændur.

Reiknað er með að slátrun hefjist rétt fyrir páska (páskalömb) árið 2000 og síðan byrji sumarslátrun í byrjun júlí og standi nánast óslitin fram í miðjan desember.

Bændur eru beðnir að panta tímanlega slátrun svo hægt verði að skipuleggja hana sem best. **Þykkvibær í síma 487 5651 eða 487 5162 og Hornafjörður 478 1207 eða 861 0226.**

**ÞRÍHYRNINGUR HF.**

---

# Búrekstrardeild Þríhyrnings hf.

## Við minnum á pakkhús á Selfossi og á Hellu.

Þar er boðið upp á fóður, salt, saltsteina, steinefni, vítamín, lýsi, flórsköfur, skóflur, skeifur, hóffjaðrir og einnig útvegum við allar helstu byggingarvörur.

**Heimsendingarþjónusta hálfsmánaðarlega í Árnes- og Rangárvallasýslu.**

**ÞRÍHYRNINGUR HF.**

**Pakkhús Selfossi og Hellu**



# Í YFIR 90 ÁR HEFUR MIKILVÆGASTI HLUTI FRAMLEIÐSLU SS FARIÐ FRAM UNDIR BERUM HIMNI

Uppistaðan í hráefninu sem SS notar við matvælaframleiðslu sína er upprunnin í hreinni náttúru Íslands. Frá stofnun fyrirtækisins 28. janúar árið 1907 hefur það verið í fararbroddi á sviði matvælaframleiðslu – og aldrei sem nú.

SS þakkar neytendum fyrir jákvæð viðbrögð við framleiðslu fyrirtækisins í tímans rás enda treysta Íslendingar SS til að framleiða aðeins gæðamatvöru.

SS fremstir fyrir bragðið